

Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar  
Grunnskólar

# Skólavogin 2013-2014

- Samantekt á niðurstöðum fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar -



Hafnarfjörður  
SEPTEMBER 2014

© Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar 2014

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar  
Linnetsstíg 3  
220 Hafnarfjörður  
Sími 585 5800

Netfang: [skolaskr@hafnarfjordur.is](mailto:skolaskr@hafnarfjordur.is)  
Veffang: [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

Forsíðumyndin er tekin á þemadögum í Áslandsskóla 2014.

## Formáli

Þessi skýrsla er samantekt á viðhorfakönnunum Skólapúlsins (sér fyrir hvern grunnskóla sem verkfæri í innra mati grunnskóla) inn í Skólavogina (sér fyrir hvert sveitarfélag, hér Hafnarfjörð). Skólavogin er þannig verkfæri í ytra mati sveitarfélagsins Hafnarfjörður á grunnskólum bæjarins sem nú er unnin skýrsla um í fyrsta skipti.

Skólaárið 2013-2014 er fyrsta heila skólaárið sem allir grunnskólarnir í Hafnarfirði eru þátttakendur í Skólapúlsinum. Þátttaka bæjarins í verkefninu hófst formlega vorið 2013 þegar bærinn keypti aðgang að Skólavoginni en grunnskólar bæjarins hófu þátttöku í Skólapúlsinum á mismunandi tíma. Skólaárið 2013-2014 var fyrsta skólaárið sem samhæfðar mælingar Skólapúlsins náðu til allra grunnskóla bæjarins. Markmið þessarar skýrslu er að taka saman í fyrsta skipti niðurstöður Skólavogarinnar fyrir Hafnarfjörð og er á þann hátt tilraun sem ekki er til nein fyrirmynd að, hvorki hér né annars staðar að vitað sé. Það er hluti af verkefnum sveitarfélagsins að sinna ytra mati á grunnskólunum í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008. Framhald skýrslugerðar sem þessarar (fyrir næstu skólaár) er þá ákvörðun sem verður tekin í framhaldi þeirrar reynslu sem þessi skýrslugerð færir.

Í skýrslunni eru dregnar fram helstu niðurstöður úr könnunum sem lagðar voru fyrir á vegum Skólapúlsins veturinn 2013 – 2014 í grunnskólum Hafnarfjarðar. Þetta eru kannanirnar sem voru lagðar fyrir nemendum, foreldra og starfsfólk skólanna og innihalda viðhorf þeirra til starfsemi skólanna. Markmið skýrslunnar er að gefa skýra mynd á stöðu hvers skóla og að hver skóli geti borið sig saman við aðra skóla (í Hafnarfirði) auk þess að gefa heildarmynd af sveitarfélaginu Hafnarfirði í samanburði við önnur sveitarfélög sem eru þátttakendur í Skólavoginni (lista yfir þátttökuskóla má finna á [www.skolapulsinn.is](http://www.skolapulsinn.is)). Tilgangur skýrslugerðar er því að hún aðstoði við skólaþróun og að hver skóli fyrir sig geti nýtt sér niðurstöður hennar til að sjá hvað vel er gert ásamt því að finna sóknarfæri þar sem gera má betur.

Skýrslan er að mestu unnin af Arnóri Heiðarssyni, grunnskólakennara í Hafnarfirði og MPA nema í Opinberri stjórnýslu með sérhæfingu á sviði stjórnunnar menntastofnana við Háskóla Íslands. Skýrslan er þó á ábyrgð Vigfúsar Hallgrímssonar, þróunarfulltrúa grunnskóla á Skóla-skrifstofu Hafnarfjarðar, sem var leiðbeinandi hans við þá vinnu. Skýrslugerðin er þannig hluti af verkefni sveitarfélags að sinna ytra mati á grunnskólum.

Uppbygging skýrslunnar er á þann veg að á eftir efnisyfirliti kemur inngangur og þá næst samantekt á efni skýrslunnar. Þá tekur við kafli sem kynnir Skólapúlsinn og Skólavogina og þær aðferðafræðilegu forsendur sem þau byggja á. Meginkafli skýrslunnar tekur þá við, samantekt á niðurstöðum úr viðhorfakönnunum nemenda, foreldra og starfsmanna einstakra skóla með sérstakri samantekt í upphafi fyrir bæinn í heild sinni. Aftan við skýrsluna er svo viðauki:

- Viðauki 1: Niðurstöður einstakra skóla kynntar við hverri samantektarspurningu ásamt flokkunum út frá meðaltali Skólavogarinnar (ljósgrænt, gult og appelsínugult).
- Viðauki 2: Kynnir þær spurningar sem eru í nemendakönnun Skólapúlsins.
- Viðauki 3: Kynnir þær spurningar sem eru í foreldrakönnun Skólapúlsins.
- Viðauki 4: Kynnir þær spurningar sem eru í starfsmannakönnun Skólapúlsins.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Samantekt .....	8
Inngangur .....	9
<b>1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra.....</b>	<b>10</b>
<b>2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla .....</b>	<b>11</b>
2.0 Hafnarfjörður.....	12
2.1 Áslandsskóli .....	14
2.2 Hraunvallaskóli .....	18
2.3 Hvaleyrarskóli .....	21
2.4 Lækjarskóli.....	24
2.5 Setbergsskóli.....	27
2.6 Víðistaðaskóli.....	29
2.7 Öldutúnsskóli.....	32
<b>3 Hvað svo? .....</b>	<b>35</b>
<b>Viðauki .....</b>	<b>37</b>
<i>Viðauki 1: Samantekt kannana.....</i>	<i>38</i>
Nemendakönnun.....	38
Foreldrakönnun.....	39
Starfsmannakönnun .....	42
<i>Viðauki 2: Nemendakönnun – útskýringar við spurningar.....</i>	<i>45</i>
Ánægja af lestri.....	45
Þrautseigja í námi .....	45
Áhugi á stærðfræði.....	46
Ánægja af náttúrufræði.....	46
Trú á eigin vinnubrögð í námi.....	46
Trú á eigin námsgetu.....	47
Sjálfsálit .....	48
Stjórn á eigin lífi.....	48
Vellíðan.....	49
Einelti.....	49
Tíðni eineltis .....	50

Hreyfing.....	50
Mataræði.....	50
Samsömun við nemendahópinn.....	51
Samband nemenda við kennara.....	51
Virk þátttaka nemenda í tímum .....	52
Mikilvægi heimavinnu í náminu .....	53
<b>Viðauki 3: Foreldrakönnun – útskýringar við spurningar.....</b>	<b>54</b>
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum.....	54
Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra .....	54
Ánægja foreldra með stjórnun skólans .....	54
Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra.....	55
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra.....	55
Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra .....	55
Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra.....	55
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá.....	55
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur .....	56
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda.....	56
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt .....	56
Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt.....	56
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt .....	57
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra .....	57
Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum .....	57
Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum .....	57
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans.....	57
Meðaltímabil eineltis.....	58
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum .....	58
Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu/frístundaheimili.....	58
Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili .....	59
Ánægja foreldra með sérkennsluna/stuðninginn .....	59
Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum .....	59
Tíðni sérkennslu/stuðnings .....	59
Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun.....	59
Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun .....	60
Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu .....	60
Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu.....	60

Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti .....	60
Notkun á mötuneyti .....	60
Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti.....	61
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi.....	61
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur .....	61
Ánægja með síðasta foreldraviðtal .....	61
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum .....	62
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra .....	62
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans.....	62
<b>Viðauki 4:</b> starfsmannakönnun – útskýringar á spurningum.....	63
Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna.....	63
Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra .....	63
Meðalstarfshlutfall .....	63
Yfirvinnutímar undanfarinn mánuð.....	63
Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð .....	63
Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð .....	63
Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð .....	64
Starfsmannaviðtöl undanfarið ár .....	64
Gagnsemi starfsmannaviðtals .....	64
Tíðni áreitni meðal starfsfólks.....	64
Tíðni eineltis meðal starfsfólks.....	64
Starfsánægja í skólanum .....	65
Starfsandi innan skólans.....	65
Stjórnun skólans .....	66
Upplýsingastreymi innan skólans .....	66
Starfsaðstaða í skólanum .....	67
Meðalfjöldi vikulegra kennslustunda á kennara .....	67
Meðalfjöldi vikulegra stunda við sérkennslu og stuðning á hvern kennara.....	67
Meðalstarfsaldur kennara við skólann .....	67
Meðalstarfsaldur kennara .....	67
Hlutfall kennara með meistaragráðu .....	68
Ánægja með kennarastarfið .....	68
Trú kennara skólans á eigin getu.....	68
Upplýsingamiðlun til foreldra.....	69
Tími í heimavinnu á viku.....	69

Tími við kennslu.....	69
Undirbúningur kennslu í skólanum .....	69
Öllum bekknum kennt í einu .....	69
Hópavinna í bekk.....	70
Einstaklingsvinna í bekk.....	70
Einstaklingsmiðuð kennsla .....	70
Áhersla kennara á námsmat með prófum.....	70
Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum .....	71
Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika.....	71
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. ....	72
Samráð um kennslu.....	73
Samvinna um kennslu .....	73
Valddreifing við ákvarðanatöku .....	73
Virk samvinna um skólaþróun og umbætur.....	74
Umfang mats og endurgjafar .....	75
Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara.....	75
Sanngirni mats og endurgjafar .....	75
Gagnsemi mats og endurgjafar .....	76
Nýting á niðurstöðum kennaramats.....	76
Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár.....	76
Símenntunarbörf kennara .....	77
Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán. ....	77

## Samantekt

Þessi skýrsla er samantekt úr viðhorfakönnunum sem lagðar voru fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk allra grunnskóla sem Hafnarfjarðarbær starfrækir skólaárið 2013-2014. Kannanirnar eru vefkannanir sem lagðar eru fyrir úrtakshópa nemenda (í 6.-10. bekk) og foreldra (1.-10. bk.) en nær til allra starfsmanna skólanna eftir kerfi sem fyrirtækið Vísar heldur úti og selur umrædda þjónustu til skóla (Skólapúlsinn) og sveitarfélaga (Skólavogin).

Niðurstöðurnar sem hér eru kynntar eru nokkurs konar árangursmat út frá viðhorfum, þ.e. mat foreldra, nemenda og starfsmanna á starfsemi skólanna út frá viðhorfum þeirra sem þó geta ekki talist raunmælingar á árangri. Því skal skoða niðurstöðurnar út frá þeim sjónarmiðum að engin viðmið eru til að meta niðurstöður viðhorfamælinganna. Viðhorf endurspegla ekki endilega árangur eða raunveruleikann. Óljóst er því hvenær ber að taka niðurstöður alvarlega og spurningakannanir hafa aðferðafræðilega annmarka í því að afla upplýsinga um veruleikann. Að því sögðu eiga viðhorfamælingar samt að geta veitt mikilvægar upplýsingar þó að túlkun upplýsinga sé alltaf stór þáttur í matsframkvæmd líkt og þessi skýrslugerð er.

Meginniðurstöður skýrslunnar gefa til kynna jákvæðari sjónarmið nemenda til grunnskóla-starfsins í bænum en hjá foreldrum og starfsfólki – sé miðað við niðurstöður landsins í heild í Skólavoginni. Þannig eru hafnfirskir nemendur í þremur samantektarspurningum Skólavogarinnar meðal 25% hæstu sveitarfélaga Skólavogarinnar en aldrei meðal 25% lægstu. Í foreldrahluta Skólavogarinnar er Hafnarfjörður aldrei meðal 25% hæstu sveitarfélaga en í fimm spurningum (af 44) meðal 25% lægstu og hjá starfsmönnum fjórum sinnum (raunmælingar en ekki viðhorf, t.d. hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna) meðal 25% hæstu sveitarfélaga en í 14 samantektarspurningum (af 29) meðal 25% lægstu sveitarfélaganna. Niðurstöðurnar sýna einnig að breytileiki er milli skóla með niðurstöður einstakra spurninga og verður því að skoða niðurstöður hvers skóla hér til að sjá mun og breytileika þeirra.

Í heildina séð er það mat skýrsluhöfunda að engar niðurstöður skýrslunnar gefi til kynna alvarlegt ástand í einstaka grunnskólum bæjarins. Í samantektum um einstaka skóla eru þó gerðar tillögur að einstaka umbótaverkefnum eða bent á þætti sem skólastjórnendur skólanna skulu beina sjónum sínum að þessa stundina sem möguleg tækifæri til skólaþróunar. Samt er erfitt að sjá „skóginn“ (mikilvægar upplýsingar) í öllum tilvikum í þessum fjölda „trjáa“ (upplýsingamagnið) sem Skólavogin dregur fram. Þannig megi ætla að mat á niðurstöðum hvers skóla séu háðar þeim sem metur niðurstöður en jafnframt að raunhæft mat er háð félagslegri samstöðu frekar en einstaklingslegum viðhorfum. Það minnir á að skólastarf einkennist af flókinni stofnanagerð í því að sinna samfélagslegum markmiðum þar sem umhverfi skólans er ekki síður áhrifavaldur á skólastarfið en það sem gerist innan hans.



## Inngangur

Á síðastliðnum árum og áratugum hefur umræðan í samfélaginu og meðal fræðimanna fjallað töluvert um það hvernig skólastarf geti orðið „skilvirkara“ og skilað meiri „árangri“, þótt merking þeirra hugtaka geti verið mismunandi eftir kenningum og einstaklingum. Sem svar við slíku verkefni var talið að „mat á skólastarfi“ væri sjálfsagt viðfangsefni í stofnanaumhverfi menntakerfis hvers lands. Árið 1995 var grunnskólalögum breytt á Íslandi og ákvæði voru sett í fyrsta skipti í þeim lögum þar sem fjallað var um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs og skyldi framkvæmt af ráðuneyti menntamála (sem mat á verklagi við sjálfsmat skóla). Í núverandi lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er sagt frá því að mat á skólastarfi eigi að vera virkur þáttur í starfi grunnskólanna. Það greinist í „innra mat“ (í stað „sjálfsmats skóla“ áður) og „ytra mat“, sem skiptist bæði á sveitarfélög og ríki með verkaskiptingu sem þó er ekki augljós. Hver grunnskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs og birta þær upplýsingar með reglulegu millibili og er þá nefnt innra mat. Sveitarfélög bættust við árið 2008 að sinna ytra mati líkt og ríkisvaldið og eftirliti með gæðum skólastarfs þótt engin hefð, reynsla eða verkaskipping sé komin á um þá framkvæmd. Framkvæmd „mats á skólastarfi“ (sem sjálfsmat, innra mat og ytra mat) í íslensku skólakerfi hefur verið í mótun frá 1995 þar sem stuðst hefur verið við ýmis verkfæri og margvíslegt verklag og engin en sérstök sátt hefur skapast um ákveðna framkvæmd. Skólapúlsinn, með útfærslu fyrir sveitarfélög í Skólavoginni, er sérhannað verkfæri sem ætlað er að hjálpa til við innra (skólar) og ytra mat (sveitarfélaga).

Skýrslu þessari er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsandi fyrir stjórnendur skóla í Hafnarfirði en jafnframt að veita fræðsluyfirvöldum í bænum nauðsynlegar upplýsingar um grunnskólastarfið í bænum. Það getur verið gott fyrir stjórnendur skóla að fá álit utanaðkomandi aðila á skólastarfinu og sækja þangað hugmyndir og viðhorf fyrir þróun á innra mati skóla. Með nýtingu gagna úr Skólapúlsinum, sem lið í innra mati grunnskóla, er boðið upp á hentuga aðferð til að finna álit þeirra sem koma að skólastarfinu og er mikilvægt að hlusta á þau sjónarmið og viðhorf sem koma fram í könnunum hans. Hins vegar ber að varast að oftúlka niðurstöður með því að horfa um of á þær sem annað hvort áfellingisdóm eða fullnaðarsigur sem gefi heildarmynd af skólastarfi einstakra skóla. Niðurstöðurnar segja ýmislegt um skólastarfið og geta verið vísbending um hvernig hægt sé að gera betur.

Á heildina litið er mikilvægt fyrir skólastjórnendur að nýta sér gögn Skólapúlsins, sem og þessa skýrslu sem útlistun á þeim gögnum, til uppbyggingar skólastarfsins. Mikilvægt er að spyrja stöðugt hvernig skólastarfið fái hag af þeim umbótum sem unnar eru á grundvelli niðurstaðna í Skólapúlsinum. Þegar á botninn er hvolft snýst þetta alltaf um að bæta nám nemenda og gera skólann að betri stað til að vera í.

Fyrir sveitarfélagið er Skólavogin, sem samantekt á gögnum einstakra skóla í Skólapúlsinum, verkfæri til að fá sem áreiðanlegastar upplýsingar um ákveðna þætti í skólastarfinu, hér sérstaklega viðhorf hagsmunaaðila til framkvæmdar skólastarfsins. Skólavogin er þá eitt verkfæra sem sveitarfélagið hefur til að hjálpa sér til að nýta þau gögn sem í boði eru og geta veitt upplýsingar til að stuðla að þróun skólastarfsins á grunni mats á skólastarfi.

## 1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra

Skólapúlsinn var settur á laggirnar árið 2007 og hefur verið í stöðugri þróun síðan þá. Árið 2014 eru 128 skólar skráðir í Skólapúlsinn, sem er það kerfi sem Skólavogin vinnur úr. Nemendur þeirra skóla eru um 85% grunnskólanemenda á landinu.

Kerfið virkar þannig að hver þátttakandi (nemandi, foreldri, starfsmaður) er valinn eftir sérstöku kerfi ef um nemanda eða foreldri er að ræða. Hann fær aðgangsslykil (ef skólinn kaupir þjónustu Skólapúlsins) sem hann slær inn þegar hann fer inn á heimasíðu skólapúlsins, [www.skolapulsinn.is](http://www.skolapulsinn.is). Þátttakandi svarar spurningum sem lúta að hans þætti í skólastarfinu eftir því hvort hann er starfsmaður, foreldri eða nemandi. Spurningarnar eru samdar af starfsfólki Skólapúlsins og hafa verið í stöðugri þróun síðan notkun á kerfinu hófst. Hver skóli getur þá valið að setja inn nokkrar aukaspurningar sem varða starf þess tiltekna skóla. Fyrir slíkt þarf að greiða sérstaklega. Bæjarfélög geta keypt aðgang að upplýsingum sinna skóla sem eru í Skólapúlsinum og heitir sá aðgangur Skólavogin til aðgreiningar frá Skólapúlsinum. Niðurstöður úr könnunum er svo hægt að nálgast inni á Skólavoginni, [www.skolavogin.is](http://www.skolavogin.is), ef sveitarfélagið kaupir þá þjónustu. Þar er hægt að sjá niðurstöður hvers skóla sveitarfélags í heild og alla skóla sveitarfélagsins í samanburði við alla skólana í Skólapúlsinum.

Þegar nemendur eru fengnir til að svara könnun er spurt um ýmsa þætti. Könnunin er frekar löng, það tekur u.þ.b. 20 mínútur að taka hana, og er spurt m.a. um líðan, virkni, sjálfsmynd, aðstöðu í skólanum og heima o.s.frv. Nemendur í Hafnarfirði taka könnunina ekki á sama tíma heldur dreifist þátttakan jafnt og þétt yfir skólaárið (einu sinni í mánuði). Foreldrakannanir eru framkvæmdar í febrúar ár hvert og er ætlað að mæla nám og kennslu, velferð nemenda, foreldrasamstarf og heimastuðning. Búið er til 120 foreldra líkindaúrtak sem skipt er niður á öll aldurstig skólans. Starfsmannakannanir fara fram í mars ár hvert og er ætlað að mæla m.a. áhuga, stjórnun, vinnuaðstöðu, ímynd, samvinnu, einelti, kennsluaðferðir, starfsþróun o.fl. Starfsmannakönnun nær til allra starfsmanna skólans.

Kannanir á vegum Skólapúlsins eru skilgreindar sem meginlegar. Það þýðir að gerður er spurningalisti með ákveðnum svarmöguleikum sem þátttakendur svara. Niðurstöðurnar eiga að vera alhæfandi þannig að hægt sé að telja að niðurstöður úrtaksins (svarendur) gildi fyrir allt þýðið (skólann). Skólapúlsinn vill helst að svörun sé yfir 80% til að marktækni sé fullnægjandi en vinnur samt úr upplýsingum sem ná ekki þeim mörkum.

Þegar gögnin úr Skólavoginni eru skoðuð þarf að hafa nokkra þætti í huga þegar niðurstöðurnar eru túlkaðar. Niðurstöður við mörgum spurningum eru gefnar upp á mælikvarða sem tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig eða meira telst mikill munur. Sumar spurningar eru gefnar upp í prósentum og þýðir prósentan í flestum tilfellum hlutfall þeirra sem eru frekar eða mjög ánægðir, líður frekar eða mjög vel eða hlutfall þeirra sem eru ánægðir o.s.frv. Í viðauka tvö, þrjú og fjögur í þessari skýrslu má finna nánari útskýringar við hverja könnun.

## 2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla

Í þessum kafla, meginkafla skýrslunnar, eru kynntar helstu niðurstöður hafnfirskra skóla í Skólapúlsinum eins og þær birtast í Skólavoginni. Markmiðin er því að setja þær fram á sem skýrasta hátt í þeim tilgangi að sá sem les þær fái góða tilfinningu fyrir niðurstöðunum. Teknir eru út nokkrir þættir sem skera sig úr í niðurstöðum hvers skóla og fjallað sérstaklega um þá hvort sem þeir teljist vera styrkleikar eða gefi möguleika til skólaþróunar. Gerðar eru tillögur að úrbótum fyrir einstaka skóla eftir því sem við á en það gefur augaleið að í flestum málum er skólinn sjálfur hæfastur til að gera umbótaáætlun og fylgja henni eftir. Það er þó mikilvægt að niðurstöðurnar séu skoðaðar vel og með gagnrýnum augum og að stjórnendur og starfsmenn skólanna taki niðurstöðum alvarlega og keppist við að nýta niðurstöðurnar til að gera skólastarfið enn betra eins og niðurstöðurnar gefa tilefni til.

Framsetningin er þannig að fyrst eru kynntar niðurstöður fyrir Hafnarfjörð sem heildarniðurstöður grunnskólanna sjö sem bærinn rekur.<sup>1</sup>

Í viðauka 1 í skýrslunni eru niðurstöður allra viðhorfakannana birtar. Þær eru jafnframt litamerktar af höfundum skýrslunnar. Þær eru litamerktar með appelsínugulu, gulu og ljósgrænu. Viðmiðið sem er notað eru landsmeðaltöl þessa skólaárs við hverja spurningu (sem þarf ekki að vera sama meðaltal og stöðlun Skólavogarinna byggir á, þ.e. 5 miðað við 0-10 skalann). Litirnir eru notaðir til að skýra ákveðnar línur. Ljósgræni liturinn táknar að skólinn er vel yfir meðaltali Skólavogarinna þetta skólaár. Guli liturinn táknar að skólinn er við meðaltalið. Appelsínuguli liturinn merkir að skólinn er vel undir meðaltali Skólavogarinna. Ekki eru allir þættir litamerktir í ljósi þess að stundum er erfitt að litamerkja þar sem um er að ræða tölulega staðreynd frekar en viðhorfabátt sem hægt sé að setja upp í samanburð. Úrvinnsla gagna í Skólavoginni um einstaka skóla sem hér kemur á eftir tekur mið af ofangreindu litakerfi (grænn, gulur, appelsínugulur). Litirnir ráðast þannig: Gulur er allt að  $\pm 0,49/4,9\%$  frá meðaltali Skólavogarinna þetta skólaár. Grænn er  $+0,5/5\%$  eða meira yfir meðaltali og appelsínugulur er  $-0,5/5\%$  eða meira undir meðaltali Skólavogarinna þetta skólaár. Það er á grunni þess að  $1/10\%$  sé talsverður munur í niðurstöðum Skólavogarinna.

Í sjálfu sér getur verið vandasamt að túlka niðurstöður eingöngu eftir því hvort þær eru undir eða yfir meðaltali þar sem slíkt er flokkun sem heldur sjálfkrafa helmingi ofan meðaltals og helmingi fyrir neðan. Það er í sjálfu sér ekki viðmið um hvort hlutirnir séu í lagi eða ekki. En séu niðurstöður vel yfir meðaltali er samt álitid að um jákvæðan þátt sé að ræða og langt undir meðaltali að um neikvæðan þátt sé að ræða. Út frá því sjónarmiði er greiningin unnin hér og er hægt að halda því fram að slík útlistun sé ekki einhlít. En stöðluð spurningakönnun gefur ekki aðra möguleika. Á grunni þess er reynt að fara varlega í ályktanir sem byggjast á niðurstöðum Skólapúlsins og þær ályktanir sem eru dregnar séu bæði sanngjarnar og eðlilegar út frá inntaki gagnanna sem til mats og túlkunar eru.

<sup>1</sup> Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði er undanskilinn því ekki hafa verið gerðar kröfur til skólans að hann veiti sambærilegar upplýsingar um skólastarf sitt hér líkt og grunnskólar bæjarins – athugið einnig að nemendur skólans eru of ungir til að taka þátt í nemendakönnun.

## 2.0 Hafnarfjörður

Grunnskólar Hafnarfjarðar eru sjö og börn á grunnskólaaldri með lögheimili í bænum eru nálægt 4.000 þetta skólaár. Um 95% þeirra eru í grunnskólum bæjarins. Önnur börn eru í grunnskólum annarra sveitarfélaga (þ.m.t. sérskólum eins Klettaskóla í Reykjavík), Barnaskóla Hjallastefnunnar (Hafnarfjörður, Garðabær) eða öðrum sjálfstætt reknum skólum. Í grunnskólum bæjarins eru starfrækt nokkur sértæk námsúrræði í nánnum tengslum við hið almenna skólastarf. Þetta eru sérdeild Lækjarskóla (1.-10. bk.), móttökudeild nýbúa í Lækjarskóla (5.-10. bk.), fjölgreindadeild Lækjarskóla (9.-10. bk.), sérdeild Öldutúnsskóla (8.-10. bk.) og sérdeild Setbergsskóla (1.-10. bk.). Elsti grunnskólinn hóf starfsemi árið 1877 (nú Lækjarskóli) og sá síðasti árið 2005 (Hraunvallaskóli).

Fræðslustjóri: Magnús Baldursson.

	Samantekt niðurstaðna úr könnunum
<p><b>Nemendakönnun</b></p> <p>N = 1.750, þ.e. 47% nemenda er úrtak könnunar og svarhlutfall er 91,6% (1.603). Þetta er um 85% nemenda í 6.-10. bekkjum.</p> <p>Viðmiðunarhópur er 115-130 grunnskólar.</p>	<p>Bærinn er aldrei vel yfir meðaltali, við meðaltal í 18 (100%) spurningum og aldrei undir meðaltali í þessum 18 samantektarpáttum Skólavogaráttarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum þremur þeimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Virkni:</b> Nemendur tjá virkni sína almennt við meðaltal Skólavogaráttarinnar. Þrautseigja mælist 5,9 miðað við 5,6 meðaltal og áhugi á stærðfræði mælist 5,4 miðað við 5,6 meðaltal.</li> <li>• <b>Líðan:</b> Nemendur tjá líðan sína almennt við meðaltal Skólavogaráttarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.</li> <li>• <b>Skóla- og bekkjarandi:</b> Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda almennt við meðaltal Skólavogaráttarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr</li> </ul>
<p><b>Foreldrakönnun</b></p> <p>N = 710, þ.e. foreldrar 19% nemenda er úrtak könnunar og svarhlutfall er 86,3% (613).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 65 grunnskólar.</p>	<p>Bærinn er aldrei vel yfir meðaltali, í 41 (95%) við meðaltal og í 2 (5%) spurningum undir meðaltali í þessum 43 samantektarpáttum Skólavogaráttarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum fimm þeimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Nám og kennsla:</b> Foreldrar tjá viðhorf til náms og kennslu við meðaltal Skólavogaráttarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.</li> <li>• <b>Velferð nemenda:</b> Foreldrar tjá velferð nemenda við meðaltal Skólavogaráttarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.</li> <li>• <b>Aðstaða og þjónusta:</b> Foreldrar tjá aðstöðu og þjónustu að hluta til við meðaltal og að hluta til undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Ánægja með aðstöðu í skólanum (4,6) og ánægja með tómsundabjónustu /frístundaheimili (4,1) og notkun á mötuneyti (73,0%) mælast töluvert fyrir neðan meðaltal skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Foreldrasamstarf:</b> Foreldrar tjá foreldrasamstarf almennt við meðaltal Skólavogaráttarinnar utan ánægju með heimasíðu skólans (80,3%) sem mælist undir meðaltali Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Heimastuðningur:</b> Foreldrar tjá heimastuðning almennt við meðaltal án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.</li> </ul>

<p><b>Starfsmannakönnun</b></p> <p>N = 540, þ.e. allir starfsmenn eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 83,3% (450).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 64 grunnskólar.</p>	<p>Bærinn er í einni (3%) spurningu vel yfir meðaltali, í 26 (90%) við meðaltal og í tveimur (7%) spurningum vel undir meðaltali þetta skólaár í þessum 29 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum sjö þemum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Allir starfsmenn:</b> Starfsmenn tjá viðhorf sín almennt við meðaltal Skólavogarinnar. Starfsmannaviðtöl (75,3%) eru tíðari á meðan gagnsemi þeirra (79,0%) er lægri en meðaltal Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Viðhorf til skólans:</b> Starfsmenn tjá viðhorf til skólans almennt við meðaltal eða fyrir ofan það fyrir utan starfsaðstöðu í skólanum (4,1) sem mælist talsvert undir meðaltali Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Kennarar:</b> Kennarar með meistaragráðu eru 15% í Hafnarfirði miðað við 14,5% meðaltal Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Kennarastarfið:</b> Kennarar tjá viðhorf til kennarastarfsins að mestu við eða fyrir ofan meðaltal Skólavogarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.</li> <li>• <b>Starfsumhverfi kennara:</b> Starfsmenn tjá starfsumhverfi sitt almennt verra en meðaltal Skólavogarinnar. Helst ber að nefna vinnuaðstæður kennara þar sem tölvubúnaður og kennslugögn ber helst að skoða.</li> <li>• <b>Mat og endurgjöf:</b> Starfsmenn tjá mat og endurgjöf almennt við meðaltal. Nýting á niðurstöðum kennaramats koma þó undir meðaltali Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Símenntun:</b> Símenntun kennara í dögum (14,8) er frekar há miðað við Skólavogina í heild en símenntunarþörf kennara er við meðaltalið.</li> </ul>
--	--

#### Samantekt og úrbótatillögur:

Niðurstöður kannana úr skólum í Hafnarfirði benda til þess að skólarnir eru að mestu leyti við meðaltal niðurstaðna Skólaláupsins. Út frá niðurstöðum mætti þó nefna eftirfarandi sem mætti taka til nánari skoðunar:

- Vinnuaðstaða í skólanum þyrfti frekari skoðunar við að mati foreldra og starfsfólks, sérstaklega hvað varðar tölvubúnað og kennslugögn, sem á við alla skóla bæjarins. Það bendir til þess að aðstaða í skólum og kennslugögn séu viðfangsefni sem bærinn þarf að fást við í heild sinni. Þessi sjónarmið hafa talsvert snúið að tölvubúnaði í skólum en í vor hófst áttak hjá bænum að bæta úr því.
- Kennarar í bænum telja sig sinna símenntun yfir meðaltali Skólavogarinnar en segjast þrátt fyrir það hafa þörf fyrir álíka símenntun og aðrir. Það gæti gefið til kynna að áherslur í grunnskólakerfinu í Hafnarfirði á símenntun séu sjáanlegar og nýttar en jafnframt að þörfin minnki samt ekki. Meiri símenntun virðist kalla á meiri símenntun.
- Starfsfólk í grunnskólum bæjarins metur stuðning í starfsumhverfi sínu lítinn (vinnuaðstæður sem og faglegar stuðning varðandi nemendur með námserfiðleika og almennt frá skólastjórnendum). Þannig mælast viðhorf kennara í Hafnarfirði meðal 25% lægstu sveitarfélaga í Skólavoginni í fimm spurningum af átta sem snúa að þessum þætti starfsins.

## 2.1 Áslandsskóli

Áslandsskóli er í Áslandslandshverfinu Hafnarfirði. Skólinn tók til starfa árið 2001 og fyrsta starfsárið var hann einkarekinn hverfisskóli en haustið 2002 tók Hafnarfjarðarbær við rekstri skólans. Skólaárið 2013-2014 voru nemendur skólans 533 eða 19,2% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2014-2015 verði nemendur nálægt 550.

Skólastjóri: Leifur S. Garðarsson.

Aðstoðarskólastjóri: Unnur Elva Guðmundsdóttir.



	Samantekt niðurstaðna úr könnunum
<p><b>Nemendakönnun</b></p> <p>N = 266, þ.e. 48% nemenda (6.-10. bekk) skólans er úrtak könnunar og svarhlutfall er 91,1% (245).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 115-130 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er vel yfir meðaltali í 6 (33%) spurningum, við meðaltal í 12 (267%) en í engu tilviki vel undir meðaltali í þessum 18 samantektarþáttum Skólavogaráttarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum þremur þeimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Virgni:</b> Nemendur telja sig almennt vera virka í náminu og sýna því áhuga. Þrautseigja í námi (6,4), áhugi af náttúrufræði (5,5) og trú á eigin námsgetu (5,5) mælast hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Líðan:</b> Nemendur tjá sig almennt vel um alla þætti sem snúa að líðan sinni í skólanum. Mælast almennt yfir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Hreyfing mælist hæst af öllum grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Skóla- og bekkjarandi:</b> Nemendur tjá sig almennt jákvæða gagnvart starfinu í skólanum miðað við meðaltal Skólavogaráttarinnar, bæði gagnvart samstarfi við aðra nemendur og starfsfólk skólans.</li> </ul>
<p><b>Foreldrakönnun</b></p> <p>N = 124, þ.e. foreldrar 22% nemenda er úrtak könnunar og svarhlutfall er 90,3% (112).</p>	<p>Skólinn er í 6 (14%) spurningum vel yfir meðaltali, í 30 (70%) við meðaltal og í 7 (16%) spurningum vel undir meðaltali í þessum 43 samantektarþáttum Skólavogaráttarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum fimm þeimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Nám og kennsla:</b> Nemendur telja sig almennt jákvæða gagnvart náminu og kennslunni í skólanum. Foreldrar sem telja námsefni barna sinna hæfilega þungt er talsvert undir meðaltali Skólavogaráttarinnar (72,3% á móti 82,5%) og mælist lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar. Ánægja með nám og kennslu í skólanum (5,2) og hæfilegur agi í skólanum (82,7%) mælast hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> </ul>

<p>Viðmiðunarhópur er 65 grunnskólar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Velferð nemenda:</b> Foreldrar telja skólann almennt sinna nemendum vel og þeim líði vel í kennslustundum. Líðan nemenda í frímínútum sé verri og umfang eineltis mælist hærra í skólanum (15,5%) en bæði meðaltal bæjarins (9,8%) og meðaltali Skólavogarinnar (9,1%).</li> <li>• <b>Aðstaða og þjónusta:</b> Foreldrar tjá jákvæð viðhorf gagnvart stuðningi við nemendur en gagnvart aðstöðu í skólanum er síður ánægja, sú minnsta meðal foreldra í grunnskólum bæjarins og mun minni en í Skólavoginni (3,6 á móti 5,1).</li> <li>• <b>Foreldrasamstarf:</b> Foreldrar tjá almennt minni ánægju með þætti sem snúa að foreldrastarfi í skólanum en foreldrar almennt í Skólavoginni án þess að eitthvað sérstakt skeri sig hér úr.</li> <li>• <b>Heimastuðningur:</b> Foreldrar telja sig veita börnum sínum góðan námsstuðning en afstaða til þess hvort heimavinna sé hæfileg mælist þar svolítið undir meðaltali Skólavogarinnar (64,6% á móti 71,1%).</li> </ul>
<p><b>Starfsmannakönnun</b></p> <p>N = 69, þ.e. allir starfsmenn eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 81,2% (56).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 64 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er í 16 (52%) spurningum vel yfir meðaltali, í 12 (45%) við meðaltal og í 3 (1%) spurningum vel undir meðaltali þetta skólaár í þessum 29 samantektarpáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum sjö þemum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Allir starfsmenn:</b> Starfsmenn tjá tíðni (92,7%) og gagnsemi starfsmannasamtala (91,7%) mikla, báðir þættir mælast hæstir í grunnskólum Hafnarfjarðar. Tíðni áreitni meðal starfsfólks (9,3%) mælist minnst meðal grunnskóla Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Viðhorf til skólans:</b> Starfsmenn tjá jákvæð viðhorf til skólans og starfsandans í skólanum en starfsaðstaðan fær neikvæðari umsögn en annað (4,6) og mælist undir meðaltali Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Kennarar:</b> Hlutfall kennara með meistaragráðu undir meðaltali Skólavogarinnar (10,7% á móti 14,5%).</li> <li>• <b>Kennarastarfið:</b> Kennarar tjá jákvæðari viðhorf til sín sjálfs og eigin kennslu miðað við meðaltal Skólavogarinnar. Telja sig miðla miklum upplýsingum til foreldra (5,8), mælist hæst í grunnskólum bæjarins.</li> <li>• <b>Starfsumhverfi kennara:</b> Kennarar telja mat og endurgjöf almennt vera meira en meðaltal Skólavogarinnar. Telja vinnuaðstæður vera slæmar, þ.e. viðhorf til notkunar viðeigandi búnaður og námsgögn eru undir meðaltali Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Mat og endurgjöf:</b> Kennarar telja sig fá hæfilegt mat og endurgjöf á störf sín með hæfilegri gagnsemi en sanngirni þess fær hæstu einkunn hjá kennurum skólans (96%) miðað við Skólavogina (88%) eða Hafnarfjörð (89%).</li> <li>• <b>Símenntun:</b> Kennarar telja sig fá mikla símenntun en hafa jafnframt þörf fyrir mikla símenntun og talsvert meiri en í Skólavoginni í heild sinni (5,7 á móti 4,8).</li> </ul>





*Samantekt og úrbótatillögur:*

Í heildina séð úr könnunum allra hópa eru niðurstöður skólans frekar fyrir ofan meðaltal í Skólavoginni. Nemendahluti er yfirleitt alltaf yfir meðaltali Skólavogarinnar og bæjarskólanna og í foreldra- og starfsmannahluta oftast ofan við meðallag en ekki. Þættir yfir meðaltali eru þannig meira áberandi en undir meðaltali sem gefa fá tilefni til að líta svo á að sérstakra úrbóta eða sérstakra áherslna sem sé þörf að skoða frekar. Út frá niðurstöðum mætti þó nefna eftirfarandi þætti sem mætti taka til nánari skoðunar:

- Vinnuaðstaða í skólanum þyrfti frekari skoðunar við að mati foreldra og starfsfólks, sérstaklega hvað varðar tölvubúnað og kennslugögn.
- Kennsluhættir í skólanum koma til umræðu í þeim skilningi að mikil áhersla er á bekkjarkennslu, þ.e. hópvinna, nám út frá einstaklingsmiðun og sjálfstæð einstaklingsvinna sé talsvert minni í skólanum en í öðrum skólum bæjarins og í Skólavoginni í heild sinni. Í því samhengi má benda á minni ánægju foreldra í skólanum hvað varðar hæfilega þyngd námsefnis en í Skólavogi í heild sinni eða í grunnskólum Hafnarfjarðar. Samanlagt gefur það tilefni til að taka viðfangsefnið til umræðu í skólanum.
- Tíðni eineltis að mati nemenda, líðan nemenda í frímínútum og umfang eineltis í skólanum að mati foreldra gefur tilefni til að starfsfólk skoði frekar samskipti nemenda í skólanum, með áherslu á samskipti þeirra innbyrðis utan skólastofunnar.

## 2.2 Hraunvallaskóli

Hraunvallaskóli er staðsettur á völlum í Hafnarfirði og er yngsti skóli bæjarins. Hann tók til starfa árið 2005 í bráðabirgðahúsnæði og flutti í nýja skólabyggingu árið 2008. Innan skólabyggingarinnar eru starfandi bæði leik- og grunnskóli. Skólaárið 2013-2014 voru 752 nemendur eða 19,1% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2014-2015 verði nemendur um 820.

Skólastjóri: Lars Jóhann Imsland Hilmarsson.

Aðstoðarskólastjóri: Guðrún Sturlaugsdóttir.



	Samantekt niðurstaðna úr könnunum
<p><b>Nemendakönnun</b></p> <p>N = 299, þ.e. 40% nemenda (6.-10. bekk) skólans er úrtak könnunar og svarhlutfall er 91,0% (272).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 115-130 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er aldrei vel yfir meðaltali, við meðaltal í 17 (95%) spurningum og vel undir meðaltali í einni (5%) spurningu í þessum 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum þremur þeimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Virkni:</b> Nemendur telja virkni sína í námi vera góða og mælast þar almennt yfir meðaltali Skólavogarinnar. Tjá áhuga sinn á náttúrufræðum lítinn (4,3), þann minnsta í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Líðan:</b> Nemendur tjá líðan síðan lægri en meðaltal Skólavogarinnar og mælast þar undir hvað varðar þættina stjórn á eigin lífi (4,8) og vel-líðan (4,8) en einelti (5,4) mælist hærra en meðaltal Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Skóla- og bekkjarandi:</b> Nemendur telja skóla- og bekkjaranda almennt jákvæðari en meðaltal Skólavogarinnar er. Þeir tjá mikilvægi heimavinnu (5,0) þó minni en meðaltal Skólavogarinnar gefur til kynna.</li> </ul>
<p><b>Foreldrakönnun</b></p> <p>N = 118, þ.e. foreldrar 16% nemenda skólans eru úrtak könnunar og</p>	<p>Skólinn er í 7 (16%) spurningum vel yfir meðaltali, í 33 (77%) við meðaltal og í 3 (7%) spurningum vel undir meðaltali í þessum 43 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum fimm þeimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Nám og kennsla:</b> Viðhorf foreldra til náms og kennslu mælast jákvæðar en í meðaltali Skólavogarinnar. Foreldrar tjá jákvæð viðhorf gagnvart námsmati í skólanum.</li> </ul>

<p>svarhlutfall er 92,4% (109).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 65 grunnskólar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Velferð nemenda:</b> Foreldrar tjá sig almennt jákvætt um velferð barna sem mælist í meðaltali Skólavogaráttarinnar. Þeir telja að vel sé tekið á eineltismálum í skóla.</li> <li>• <b>Aðstaða og þjónusta:</b> Foreldrar telja þjónustu skólans almennt góða, mælist að mestu fyrir ofan meðaltal Skólavogaráttarinnar. Foreldrar tjá aðstöðu í skólanum (4,7) undir meðaltali Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Foreldrasamstarf:</b> Foreldrar telja sig almennt hafa áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur en að öðru leyti er samstarfið talið í eða undir meðaltali Skólavogaráttarinnar en frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi mælist lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Heimastuðningur:</b> Foreldrar telja stuðning við heimanám almennt við meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> </ul>
<p><b>Starfsmannakönnun</b></p> <p>N = 100, þ.e. allir eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 88% (88).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 64 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er í 3 (10%) spurningum vel yfir meðaltali, í 16 (55%) við meðaltali og í 10 (35%) spurningum vel undir meðaltali þetta skólaár í þessum 29 samantektarpáttum Skólavogaráttarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum sjö þemum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Allir starfsmenn:</b> Starfsmenn tjá jákvæð viðhorf til starfsmanna-viðtals og gagnsemi (87,3%) þess ofan við meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Viðhorf til skólans:</b> Starfsmenn tjá sig almennt undir meðaltali Skólavogaráttarinnar um viðhorf til skólans. Telja starfsaðstöðu í skólanum lága (3,9), hún mælist töluvert undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Þar ber helst að nefna þætti um vinnuaðstöðu og aðgang að gögnum og tækjum.</li> <li>• <b>Kennarar:</b> Hátt hlutfall kennara við skólann hefur meistaragráðu (20,5%) miðað við Skólavogaráttarinnar í heild sinni.</li> <li>• <b>Kennarastarfið:</b> Kennarar tjá sig almennt með sjónarmið til starfsins sem líkjast sjónarmiðum kennara í Skólavogaráttarinnar, þ.e. nálægt meðaltali.</li> <li>• <b>Starfsumhverfi kennara:</b> Kennarar telja sig hafa gott samráð um kennslu (5,7), sem mælist það hæsta í grunnskólum Hafnarfjarðar. Varðandi starfsumhverfið tjá þeir sjónarmið sem eru talsvert undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara (3,6) og valddreifing við ákvarðanatöku (3,0) mælist það lægsta í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Mat og endurgjöf:</b> Kennarar tjá sig almennt neikvæðar en kennarar annarra skóla og eru undir meðaltali Skólavogaráttarinnar varðandi alla þætti. Hæfilegt mat og endurgjöf (36,2%) mælist það lægsta í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Símenntun:</b> Símenntunarþörf er metin frekar lítil miðað við meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> </ul>

*Samantekt og úrbótatillögur:*

Í heildina litið eru niðurstöður skólans að mestu leyti nálægt meðaltali Skólavogarinnar. Margir þættir koma vel út en einnig er að finna ýmis sóknarfæri. Helst má nefna starfsmannakönnun þar sem viðhorf starfsmanna, starfsumhverfi og mat og endurgjöf mælast undir meðaltali Skólavogarinnar. Hér verða nefnd nokkur atriði sem vert er að taka til skoðunar:

- Ánægja foreldra með *nám og kennslu í skólanum* er undir meðaltali Skólavogarinnar, eða 4,7. Þar eru helst nefnir þættir eins og gæsla/eftirlit í frímínútum og aðstaða nemenda innandyra í frímínútum. Sjóarmið foreldra gefa til kynna að þeir telji aðstöðu og aðstæður geta verið betri í skólanum og það gefi tilefni til frekari umræðu innan skólans um viðfangsefnið.
- Sjóarmið starfsfólk gagnvart *viðhorfum til skólans* mælast undir meðaltali Skólavogarinnar í öllum þáttum sem þar eru tilgreindir. Viðhorf sem tengjast starfsánægju og starfsanda eru þar á meðal og gefa til kynna að tilefni er til að sinna þessu verkefni frekar í starfsmannahópnum.
- Undir þemanu *starfsumhverfi og mat og endurgjöf* í starfsmannakönnun koma fram þau viðhorf kennara að starfsumhverfið í Hraunvallaskóla eru undir meðaltali Skólavogarinnar í öllum tilvikum nema einu (samráð um kennslu). Þar koma þættirnir „faglegur stuðningur skólastjóra við kennara“, „hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum“ og „valddreifing við ákvarðanatöku“ lægst út í grunnskólum Hafnarfjarðar. Kannski gefa niðurstöður hér tilefni til að skoða væntingar og áherslur á faglegum stuðningi innan skóla sem leggur mikla áherslu á samvinnu í framkvæmd skólastarfsins?
- *Vinnuaðstaða* í skólanum þyrfti frekari skoðunar við að mati foreldra og starfsfólks, sérstaklega hvað varðar tölvubúnað og kennslugögn.

### 2.3 Hvaleyrarskóli

Hvaleyrarskóli þjónustar börn á holtinu í Hafnarfirði. Skólinn tók til starfa árið 1990 og var síðasti áfangi skólabyggingarinnar tekinn í notkun árið 2004. Skólaárið 2013-2014 voru nemendur 407 eða 13,5% af íbúum hverfisins. Áætlað er að nemendur skólaárið 2014-2015 verði nemendur við skólann tæplega 430.

Skólastjóri: Helgi Arnarson.

Aðstoðarskólastjóri: Marsibil Ólafsdóttir.



	Samantekt niðurstaðna úr könnunum
<p><b>Nemendakönnun</b></p> <p>N = 206, þ.e. 51% nemenda (6.-10. bekkur) skólans eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 87,9% (181).</p> <p>Viðmiðunarrhópur er 115-130 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er aldrei vel yfir meðaltali, við meðaltal í 12 (67%) spurningum og vel undir meðaltali í 6 (33%) í þessum 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum þremur þeimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Virgni:</b> Nemendur tjá virkni sína minni en meðaltal Skólavogarinnar og mælist áhugi á stærðfræði (4,5) minnstur í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Líðan:</b> Nemendur tjá líðan sína nálægt meðaltali Skólavogarinnar en hreyfing (58,9%) og mataræði (4,6) mælist lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Skóla- og bekkjarandi:</b> Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda lægri en meðaltal Skólavogarinnar þar sem mikilvægi heimavinnu mælist 4,6 á móti meðaltalinu 5,2 þar sem liðirnir „kennararnir fara yfir heimavinnuna mína“ og „ég fæ heimavinnu sem mér finnst áhugaverð“ koma lægst út.</li> </ul>
<p><b>Foreldrakönnun</b></p> <p>N = 110, þ.e. foreldrar 27% nemenda er úrtak könnunar og</p>	<p>Skólinn er í 2 (5%) spurningum vel yfir meðaltali, í 33 (77%) við meðaltal og í 7 (16%) spurningum vel undir meðaltali í þessum 29 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum fimm þeimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Nám og kennsla:</b> Foreldrar tjá ánægju með stjórnun skólans (94,3%) og hæfilegan aga í skólanum (81,1%). Aðrir þættir um nám og kennslu eru nálægt meðaltali Skólavogarinnar.</li> </ul>

<p>svarhlutfall er 75,5% (83).</p> <p>Viðmiðunarrhópur er 65 grunnskólar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Velferð nemenda:</b> Foreldrar tjá sig almennt jákvætt um velferð nemenda. Ánægja með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda (92%) og telja líðan nemenda í skólum góða (96,2%).</li> <li>• <b>Aðstaða og þjónusta:</b> Foreldrar tjá aðstöðu í skólanum aðeins undir meðaltali Skólavogaráttarinnar (4,9). Færri nota mótuneyti (70,6%) og tjá ánægju með máltíðir í mótuneyti (68,6%) miðað við meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Foreldrasamstarf:</b> Foreldrar tjá viðhorf til samstarfs almennt við meðaltal Skólavogaráttarinnar. Þeir telja frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi hátt (5,2) en áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (48,6%) og þátttaka foreldra í gerð námsáætlana með nemandanum (46,6%) er undir meðaltali Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Heimastuðningur:</b> Foreldrar tjá flesta þætti lítilla yfir eða undir meðaltali Skólavogaráttarinnar en minnst ánægja er með hæfilega heimavinnu (61,6%).</li> </ul>
<p><b>Starfsmannakönnun</b></p> <p>N = 63, þ.e. allir starfsmenn eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 77,8% (49).</p> <p>Viðmiðunarrhópur er 64 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er í 12 (41%) spurningum vel yfir meðaltali, í 14 (49%) við meðaltal og í 3 (10%) spurningum vel undir meðaltali í þessum 29 samantektarþáttum Skólavogaráttarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum sjö þættum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Allir starfsmenn:</b> Starfsmenn tjá flesta þætti undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. 91,5% svarenda tjá að þeir hafi farið í starfsmannaviðtal en gagnsemi þess (73,2%) mælist undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Starfsmenn telja tíðni áreitni frekar háa, eða 31,1% á móti 21,3% meðaltali Skólavogaráttarinnar þar sem helst er nefnd áreitni af hálfu nemenda eða foreldra gagnvart starfsfólki.</li> <li>• <b>Viðhorf til skólans:</b> Starfsmenn tjá jákvæð viðhorf til skólans. Allir þættirnir koma hæst út í grunnskólum Hafnarfjarðar. Sérstaklega ber að nefna starfsanda innan skólans (6,3) sem mælist hæstur í Skólavogaráttarinni á öllu landinu.</li> <li>• <b>Kennarar:</b> Hlutfall kennara með meistaragráðu er talsvert yfir meðaltali Skólavogaráttarinnar, 20,8% á móti 14,5%.</li> <li>• <b>Kennarastarfið:</b> Kennarar tjá almenna ánægju með kennarastarfið en upplýsingamiðlun til foreldra (4,7) stingur í stúf við annað og mælist undir meðaltali Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Starfsumhverfi kennara:</b> Kennarar tjá almenna ánægju með starfsumhverfi sitt. Þeir telja þó vinnuaðstæður sínar verri (4,6) en í öðrum skólum miðað við meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Mat og endurgjöf:</b> Kennarar telja sanngirni og gagnsemi á mati og endurgjöf gott (93,3%) en umfang þess (52,2%) mælist minna en meðaltal Skólavogaráttarinnar. Þeir tjá nýtingu á niðurstöðum kennaramats sem er það hæsta í grunnskólum Hafnarfjarðar (5,8).</li> <li>• <b>Símenntun:</b> Telja sig fá töluverða símenntun (15,3 dagar) en hafa jafnframt ríka þörf fyrir slíkt miðað við meðaltal Skólavogaráttarinnar (5,3 á móti 4,8).</li> </ul>

*Samantekt og úrbótatillögur:*

Niðurstöður foreldrakönnunar og starfsmannakönnunar koma nokkuð vel út miðað við meðaltal Skólavogarinnar. Mikil starfsánægja ríkir meðal starfsmanna skólans. Skólinn er þar á flestum stöðum við eða fyrir ofan meðaltal þótt auðvitað sé að finna nokkur sóknarfæri. Niðurstöður nemendakönnunar vekja þó til umhugsunar og þarf að skoða vel. Hér eru teknir saman nokkrir þættir:

- Sumar niðurstöður skólans eru mjög háar á mælikvarða Skólavogarinnar og lýsa jákvæðum áherslum í skólastarfinu, s.s. starfsandi meðal starfsfólks og ánægja foreldra með vinnu skólans gagnvart börnum sínum.
- *Ánægja nemenda af lestri, stærðfræði og náttúrufræði* mælist frekar lágt miðað við meðaltal Skólavogarinnar og vekur til umhugsunar um að skoða ætti kennsluhætti í skólanum með það að markmiði að nemendum finnist námið áhugaverðara og vinna með þætti sem snúa að námsáhuga nemenda og sjálfsefningu þeirra.
- *Tíðni eineltis* mælist töluvert yfir landsmeðaltali Skólavogarinnar og veitir tilefni til að skoða betur samskipti nemenda og leita leiða til að vinna frekar með samskipti nemenda.
- Nemendur tjá að *mikilvægi heimavinnu í náminu* sé lítið en þar koma liðirnir *Ég fæ heimaverkefni sem mér finnst áhugaverð* og *kennararnir fara yfir heimavinnuna* lægst út. Veitir það tilefni til að athuga hvernig heimavinnu og yfirferð á henni er háttað í skólanum.
- Foreldrar tjá ánægju sína með *mötuneyti skólans* undir meðallagi Skólavogarinnar ásamt því að *notkun á mötuneytinu* er einnig undir meðallagi. Í nemendakönnun mælist *hreyfing* og *mataræði* lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar. Skólinn hefur um árabil unnið að heilsueflandi verkefnum í skólastarfinu og er einnig þátttakandi í verkefni Landlæknisembættisins, heilsueflandi grunnskóli. Niðurstöður Skólavogarinnar benda til þess að heilsueflandi verkefni séu áfram mikilvæg í skólastarfi skólans.
- Starfsmenn tjá *umfang mats og endurgjafar* lægra en meðaltal Skólavogarinnar og veitir það hvatningu til að auka áherslu á þann þátt með því að vinna frekar með þann þátt.
- *Vinnuástaða* í skólanum þyrfti frekari skoðunar við að mati foreldra og starfsfólks, sérstaklega hvað varðar tölvubúnað og kennslugögn.

## 2.4 Lækjarskóli

Lækjarskóli, sem hét áður Barnaskóli Hafnarfjarðar og þar á undan Barnaskóli Garðahrepps, er skólinn sem sinnir stórum hluta miðbæjar Hafnarfjarðar. Skólinn á sér samfellda sögu frá árinu 1877 og er elsti skólinn í Hafnarfirði. Skólinn heldur utan um þrjú sérúrræði fyrir Hafnarfjörð; deild fyrir nemendur með þroskahamlanir (1.-10. bk.), móttökudeild fyrir erlenda nemendur (5.-10. bk.) og fjölgreinanám fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Skólaárið 2013-2014 voru nemendur 482 eða 11,8% af íbúum hverfisins. Áætlaður fjöldi fyrir skólaárið 2014-2015 eru tæplega 470.

Skólastjóri: Haraldur Haraldsson.

Aðstoðarskólastjóri: Arna Björný Arnardóttir.



	Samantekt niðurstaðna úr könnunum
<p><b>Nemendakönnun</b></p> <p>N = 165, þ.e. 34% nemenda (6.-10. bekk) skólans er úrtak könnunar og svarhlutfall er 87,9% (145).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 115-130 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er aldrei vel yfir meðaltali, við meðaltal í 16 (89%) spurningum og vel undir meðaltali í 2 (11%) spurningum í þessum 18 samantektarpáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum þremur þeim:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Virkni:</b> Nemendur tjá virkni sína almennt við meðaltal Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Líðan:</b> Nemendur tjá líðan sína undir meðaltali Skólavogarinnar og mælist sjálfsálit (4,7), stjórn á eigin lífi (4,6) og vellíðan (4,5) lægst í skólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Skóla- og bekkjarandi:</b> Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda undir meðaltali Skólavogarinnar þar sem mikilvægi heimavinnu (4,5) mælist það lægsta í grunnskólum Hafnarfjarðar. Líðirnir „kennararnir fara yfir heimavinnuna mína“ og „heimavinnan mín er hluti af lokaeinkunn“ koma lægst út miðað við meðaltal Skólavogarinnar.</li> </ul>
<p><b>Foreldrakönnun</b></p> <p>N = 122, þ.e. foreldrar 25% nemenda</p>	<p>Skólinn er í 6 (16,2%) spurningum vel yfir meðaltali, í 13 (35,1%) við meðaltal og í 18 (48,6%) spurningum vel undir meðaltali í þessum 43 samantektarpáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum fimm þeim:</p>



<p>er úrtak könnunar og svarhlutfall er 87,7% (107).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 65 grunnskólar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Nám og kennsla:</b> Foreldrar tjá jákvæð viðhorf til náms og kennslu almennt lægra en meðaltal Skólavogaráttarinnar. Hæfilegur agi í skólanum telst nálægt meðaltali (81,6%). Ánægja er með nám og kennslu (4,4), nám í takt við menntastefnu (4,5) og hæfileg áhersla á námsmat með (71,1%) og án (68,8%) hefðbundinna prófa að mati foreldra mælist lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar ásamt þættinum „foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá“ (59,2%).</li> <li>• <b>Velferð nemenda:</b> Foreldrar tjá ánægju með eineltisáætlun skólans (96,8%) sem mælist sú hæsta í Hafnarfirði. Þeir tjá aðra þætti undir meðaltali Skólavogaráttarinnar þar sem ánægja með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum mælist lægst.</li> <li>• <b>Aðstaða og þjónusta:</b> Foreldrar telja aðstöðu í skólanum góða (5,3), mælist hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar. Notkun á mötuneyti er minni en meðaltal Skólavogaráttarinnar (75%).</li> <li>• <b>Foreldrasamstarf:</b> Foreldrar tjá viðhorf til foreldrasamstarfs almennt við eða undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi mælist lægra en meðaltal (4,6).</li> <li>• <b>Heimastuðningur:</b> Foreldrar telja sig virka í námi barna sinna (5,5) en trú á eigin getu til að hjálpa barninu með námið (4,5) mælist undir meðallagi. Hæfileg heimavinna mælist undir meðaltali Skólavogaráttarinnar (64,6%).</li> </ul>
<p><b>Starfsmannakönnun</b></p> <p>N = 88, þ.e. allir starfsmenn eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 69,3% (61).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 64 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er í 3 (10%) spurningum vel yfir meðaltali, í 17 (59%) við meðaltal og í 9 (31%) spurningum vel undir meðaltali þetta skólaár í þessum 29 samantektarþáttum Skólavogaráttarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum sjö þemum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Allir starfsmenn:</b> Starfsmenn tjá að starfsmannaviðtöl séu oftast en meðaltal Skólavogaráttarinnar (71,9%) en að gagnsemi þeirra sé minni (71,1%). Aðrir þættir mælast fyrir ofan eða við meðaltal.</li> <li>• <b>Viðhorf til skólans:</b> Starfsmenn tjá viðhorf til skólans töluvert undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Starfsandi (3,7), stjórnun (4,2) og upplýsingastreymi í skólanum (3,8) mælist lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Kennarar:</b> Hlutfall kennara með meistaragráðu er undir meðaltali Skólavogaráttarinnar (10% á móti 14,5%).</li> <li>• <b>Kennarastarfið:</b> Kennarar tjá ánægju með kennarastarfið þá lægstu í grunnskólum Hafnarfjarðar (4,5). Þeir telja sig leggja áherslu á fjölbreytt námsmat (75%). Aðrir þættir mælast við almennt við meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Starfsumhverfi kennara:</b> Kennarar telja sig fá stuðning vegna nemenda með náms- og hegðunarörðugleika, mælist hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar. Aðrir þættir mælast almennt undir meðaltali Skólavogaráttarinnar þar sem talið er að virk samvinna um skólaþróun og umbætur mælist lág (4,3) miðað við meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Mat og endurgjöf:</b> Kennarar telja mat og endurgjöf almennt við eða undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Þeir tjá gagnsemi mats og endurgjafar (76,9%) það lægsta í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Símenntun:</b> Kennarar tjá að meðalfjöldi daga í símenntun sé sá lægsti í grunnskólum Hafnarfjarðar (9,8%) en jafnframt er símenntunarþörf lág (4,5).</li> </ul>
--	---

### Samantekt og úrbótatillögur:

Niðurstöður úr könnuninum á Lækjarskóla benda almennt til þess að skólinn sé við meðaltal eða fyrir neðan meðaltal Skólavogaráttarinnar. Ýmsir þættir koma vel út en einnig er að finna nokkur sóknarfæri sem hér er minnst á:

- Nemendur tjá þættina *sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan* undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Enginn einstakur undirþáttur sker sig þar úr. Svör nemenda gefa til kynna að þörf gæti verið á efla nemendur skólans frekar sem námsmenn með trú á eigin getu. (Hefur tilvist þriggja sérdeilda í skólanum áhrif á þessar niðurstöður?)
- Nemendur tjá *mikilvægi heimavinnu í náminu* undir meðaltali skólavogaráttarinnar og þá lægstu í grunnskólum Hafnarfjarðar. Þar ber helst að nefna liðina „kennararnir fara yfir heimavinnuna mína“ og „heimavinnan mín er hluti af lokaekinn.“ Það gefur tilefni til frekari umræðu heimanám og námsmat í skólanum.
- Foreldrar tjá viðhorf sem tengjast *ánægju sína með nám og kennslu* þá lægstu í grunnskólum Hafnarfjarðar. Þessi viðhorf væri eðlilegt að skoða betur og komast að því hvaða þættir það eru sem foreldrar telji að megi bæta með það að markmiði að vinna markvisst að aukinni ánægju foreldra með námið og kennsluna í skólanum.
- Í þáttum sem snúa að starfsumhverfi starfsfólks skólans koma fram sjónarmið sem eru undir meðaltali Skólavogaráttarinnar sem snúa að upplifun starfsfólks gagnvart stuðningi við sig, samráð og ákvarðanatöku um nám og kennslu. Þær niðurstöður gefa til kynna að nauðsynlegt sé fyrir skólastjórnendur skólans að huga að þeim þáttum í skólastarfinu og finna leiðir til að efla þennan þátt í skólastarfinu.
- Í ýmsum þáttum sem snúa að viðhorfum starfsfólks til skólans mælast sjónarmið þess lág miðað við meðaltal Skólavogaráttarinnar og stundum langt fyrir neðan, s.s varðandi upplýsingastreymi í skólanum, starfsanda meðal starfsfólks og stjórnun skólans. Það gefur skólastjórnendum tilefni til að skoða þessa þætti í skólanum sérstaklega, ræða við starfsmenn og leggja fram áætlun um aðgerðir sem geta bætt þessa þætti.

## 2.5 Setbergsskóli

Setbergsskóla sækja nemendur úr Setbergshverfinu í Hafnarfirði. Skólinn tók til starfa árið 1989 og hefur nemendum skólans fækkað með árunum. Þegar mest var voru yfir 800 nemendur í skólanum en skólaárið 2013-2014 voru nemendur við skólann um 400 eða 12,0% af íbúum hverfisins. Skólinn heldur utan um yngsta sérúrræi bæjarins í grunnskólunum, einhverfudeild. Áætlað er að nemendur verði rúmlega 370 skólaárið 2014-2015.

Skólastjóri: María Pálmadóttir.

Aðstoðarskólastjóri: Sif Stefánsdóttir.



	Samantekt niðurstaðna úr könnunum
<p><b>Nemendakönnun</b></p> <p>N = 178, þ.e. 45% nemenda er úrtak könnunar og svarhlutfall er 96,6 (172).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 115-130 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er vel yfir meðaltali í 2 (11%) spurningum, við meðaltal í 16 (89%) en aldrei vel undir meðaltali í þessum 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum þremur þeim:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Virkni:</b> Nemendur telja sig almennt virka í náminu miðað við meðaltal Skólavogarinnar. Áhugi á stærðfræði (6,0) og trú á eigin vinnubrögðum í námi mælast hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar (5,5).</li> <li>• <b>Líðan:</b> Nemendur telja líðan almennt góða miðað við meðaltal Skólavogarinnar. Stjórn þeirra á eigin lífi (5,6) og mataræði (5,4) mælast hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Skóla- og bekkjarandi:</b> Nemendur tjá tvo þætti yfir meðaltali og þrjá þætti undir meðaltali Skólavogarinnar. Samsömun við nemendahópinn (5,5) og mikilvægi heimavinnu í náminu (5,5) mælist hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> </ul>
<p><b>Foreldrakönnun</b></p>	<p>Niðurstöður ekki til staðar. Foreldrakönnun var ekki lögð fyrir vegna misskilnings.</p>

<p><b>Starfsmannakönnun</b></p> <p>N = 61, þ.e. allir starfsmenn eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 93,4% (57).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 64 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er í 4 (14%) spurningum vel yfir meðaltali, í 22 (76%) við meðaltal og í 3 (10%) spurningum vel undir meðaltali þetta skólaár í þessum 29 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum sjö þemum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Allir starfsmenn:</b> Starfsmenn tjá að starfsmannaviðtöl (61,8%) séu sjaldnar en meðaltal Skólavogarinnar og að gagnsemi þeirra (74,1%) sé einnig undir meðaltali.</li> <li>• <b>Viðhorf til skólans:</b> Viðhorf til skólans er almennt við meðaltal. Telja þó starfsaðstöðu skólans (4,3) lægra en meðaltal Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Kennarar:</b> Hlutfall kennara með meistarapróf er 7,4% á móti 14,5% meðaltali Skólavogarinnar. Þetta hlutfall er það lægsta í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Kennarastarfið:</b> Kennarar tjá þætti í kennarastarfinu almennt við eða undir meðaltal Skólavogarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.</li> <li>• <b>Starfsumhverfi kennara:</b> Kennarar telja starfsumhverfi sitt almennt við eða undir meðaltal að frátöldum þáttunum um faglegan stuðning skólastjóra við kennara (5,5) og samráð um kennslu (5,6) sem koma út fyrir ofan meðaltal Skólavogarinnar. Vinnuaðstaður kennara (4,4) mælast undir meðaltali Skólavogarinnar, líkt og í öðrum grunnskólum bæjarins.</li> <li>• <b>Mat og endurgjöf:</b> Kennarar tjá mat og endurgjöf almennt fyrir ofan meðaltal. Umfang mats og endurgjafar (67,9%) mælist það hæsta í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Símenntun:</b> Símenntun ásamt mati á símenntunarpörf er við meðaltal skólavogarinnar.</li> </ul>
--	---

#### Samantekt og tillögur til skoðunar:

Í Setbergsskóla má finna ánægða nemendur ef marka má niðurstöður úr Skólapúlseinum. Því miður skiluðu niðurstöður úr foreldrakönnun sér ekki og því ekki hægt að rýna í mat foreldra í skólanum. Eins og alltaf má finna nokkur sóknarfæri og verður reynt að minnast á þau hér:

- Nemendur telja að *virgni þeirra í tímum* sé lægri en meðaltal Skólavogarinnar. Ef til vill vilja kennarar virkja nemendur í tímum þar sem ræða má um námið, veita þeim tækifæri til að tjá sig um námsefnið eða færi þeim meiri ábyrgð á eigin námi, t.d. auknu vali.
- Starfsmenn tjá að *starfsmannaviðtöl* séu færri en meðaltal Skólavogarinnar og að *gagnsemi* þeirra sé einnig undir meðaltali. Það gefur tilefni til þess að fara yfir og ræða þátt þeirra í skólanum í þeim tilgangi að auka vægi þeirra og notagildi.
- *Vinnuaðstaða í skólanum* þyrfti frekari skoðunar við að mati starfsfólks, sérstaklega hvað varðar tölvubúnað og kennslugögn.

## 2.6 Víðistaðaskóli

Víðistaðaskóli er skólinn í norðurbæ Hafnarfjarðar. Skólinn var stofnaður árið 1970 en árið 2010 sameinaðist hann Engidalsskóla og nú er hluta 1.-4. bekkjar kennt í húsnæði áður hýsti Engidalsskóla svo skólinn hefur tvær starfsstöðvar í dag, Engidal og Víðistaðatún. Skólaárið 2013-2014 voru nemendur í skólanum tæplega 670 eða 13,5% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2014-2015 verði nemendur um 660.

Skólastjóri: Hrönn Bergþórsdóttir.

Aðstoðarskólastjórar: Anna Kristín Jóhannesdóttir og Anna María Skúladóttir.



Engidalur



Víðistaðatún

	Samantekt niðurstaðna úr könnunum
<p><b>Nemendakönnun</b></p> <p>N = 371, þ.e. 56% nemenda eru útak nemenda og</p>	<p>Skólinn er aldrei vel yfir meðaltali, við meðaltal í 16 (89%) og í 2 (11%) spurningum vel undir meðaltali í þessum 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum þremur þeimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Virkni:</b> Nemendur tjá virkni sína almennt við meðaltal Skólavogarinnar án þess að nokkrir þættir skeri sig sérstaklega úr.</li> </ul>

<p>svarhlutfall er 93,5% (347).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 115-130 grunnskólar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Líðan:</b> Nemendur tjá líðan sína almennt við eða undir meðaltal Skólavogarinnar. Eineltismælikvarði (5,6) og tíðni eineltis mælast hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Skóla- og bekkjarandi:</b> Nemendur tjá skóla og bekkjaranda almennt við eða undir meðaltali Skólavogarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.</li> </ul>
<p><b>Foreldrakönnun</b></p> <p>N = 121, þ.e. foreldrar 18% nemenda er úrtak könnunar og svarhlutfall er 83,5% (106).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 65 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er í 5 (12%) spurningum vel yfir meðaltali, í 35 (81%) við meðaltal og í 3 (7%) spurningum vel undir meðaltali í þessum 43 samantektarpáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum fimm þemum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Nám og kennsla:</b> Foreldrar tjá nám og kennslu almennt við eða undir meðaltal Skólavogarinnar. Hvort hæfilegur agi sé í skólanum (71,6%) mælist hann lægstur í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Velferð nemenda:</b> Foreldrar tjá velferð nemenda almennt við meðaltal Skólavogarinnar. Ánægja með úrvinnslu á eineltismálum (54,5%) mælist undir meðaltali á meðan ánægja með hraða þeirra (60,0%) mælist yfir meðaltali Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Aðstaða og þjónusta:</b> Foreldrar tjá aðstöðu og þjónustu almennt við meðaltal Skólavogarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.</li> <li>• <b>Foreldrasamstarf:</b> Foreldrasamstarf mælist almennt við meðaltal Skólavogarinnar. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi (5,3) og þátttaka foreldra í gerð námsáætlana með nemandanum (63,5%) mælist hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar á meðan ánægja foreldra með heimasíðu skólans (67,9%) mælist sú lægsta í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Heimastuðningur:</b> Foreldrar tjá tvo þætti yfir meðaltali, tvo þætti undir meðaltali og tvo þætti við meðaltal Skólavogarinnar. Virkni foreldra í námi barna sinna (5,5) mælist hæst í grunnskólum Hafnarfjarðar. Hæfileg heimavinna að mati foreldra mælist undir meðaltali.</li> </ul>
<p><b>Starfsmannakönnun</b></p> <p>N = 86, þ.e. allir starfsmenn eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 91,1% (79).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 64 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er aldrei vel yfir meðaltali, í 16 (55%) spurningum við meðaltal og í 13 (45%) spurningum vel undir meðaltali þetta skólaár í þessum 29 samantektarpáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum sjö þemum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Allir starfsmenn:</b> Starfsmenn tjá að starfsmannaviðtöl (55,1%) séu sjaldnast í grunnskólum Hafnarfjarðar og að gagnsemi þeirra (62,9%) sé minnst í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Viðhorf til skólans:</b> Starfsmenn tjá viðhorf til skólans almennt undir meðaltali skólavogarinnar. Þeir tjá að starfsandi innan skólans (4,2) sé lágur, hann mælist undir meðaltali Skólavogarinnar. Þeir telja starfsaðstöðu í skólanum (3,9) talsvert lægri en meðaltal Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Kennarar:</b> Hlutfall kennara með meistaraþráðu er örlítið fyrir ofan meðaltal Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Kennarastarfið:</b> Kennarar tjá flesta þætti við meðaltal skólavogarinnar. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum mælist það lægsta í grunnskólum Hafnarfjarðar (65,1%).</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Starfsumhverfi kennara:</b> Kennarar telja starfsumhverfi sitt ábótavant þar sem allir þættir mælast undir meðaltali Skólavogarinnar. Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika (3,5), virk samvinna við skólaþróun og umbætur (4,1) og vinnuaðstæður kennara (4,1) mælast lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda (4,4), faglegur stuðningur skólustjóra við kennara (4,5), samráð um kennslu (4,5) og valddreifingu við ákvarðanatöku (4,1) mælist allt undir meðaltali Skólavogarinnar.</li> <li>• <b>Mat og endurgjöf:</b> Kennarar tjá að mat og endurgjöf sé almennt við eða undir meðaltali Skólavogarinnar. Nýting á niðurstöðum kennaramats (3,9) mælist lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> <li>• <b>Símenntun:</b> Fjöldi símenntunardaga (13,2) og símenntunarpörf (4,7) kennara er við meðaltal Skólavogarinnar.</li> </ul>
--	---

#### Samantekt og tillögur til skoðunar:

- Nemendur tjá *einelti og tíðni eineltis* fyrir ofan meðaltal Skólavogarinnar og það hæsta í grunnskólum Hafnarfjarðar. Ásamt þessu tjá foreldrar *ánægju með úrvinnslu á eineltismálum* undir meðaltali Skólavogarinnar. Það gefur tilefni til að fara betur yfir eineltismál í skólanum, t.d. auka fræðslu um einelti og forvarnir þeirra og fara betur yfir úrvinnslu eineltismála í skólanum.
- Kennarar tjá að starfsmannasamtöl séu sjaldnar en meðaltal Skólavogarinnar og að gagnsemi þeirra sé einnig minni en meðaltal Skólavogarinnar er. Veitir það tækifæri fyrir stjórnendur að auka tíðni starfsmannaviðtala og vinna að aukinni gagnsemi þeirra.
- Starfsmenn tjá viðhorf til skólans að mestu undir meðaltali Skólavogarinnar. Þar ber helst að nefna *starfsanda og starfsánægju innan skólans*. Sjónarmið starfsfólks vekja til umhugsunar hvernig hægt er að bæta þessa liði til að fólk verði ánægðara og líði betur í vinnunni.
- Starfsumhverfi kennara mælist allt fyrir neðan meðaltal Skólavogarinnar. Þar ber helst að nefna *stuðning kennara vegna nemenda með námserfiðleika og stuðning kennara vegna hegðunarörðugleikan nemenda*. Niðurstöður þessar benda til þess að skoða þurfi og reyna að bregðast við þeim á þann hátt að kennarar upplifi að betur sé stutt við þá vegna nemenda með frávík.
- Undir starfsumhverfi ber einnig að nefna þættina *samráð um kennslu, valddreifingu við ákvarðanatöku og virk samvinna um skólaþróun og umbætur*. Þessir þættir mælast allir fyrir neðan meðaltal Skólavogarinnar. Það gefur tilefni til að huga að skólaþróun og virkri þátttöku starfsfólks í henni með viðeigandi stuðningi.
- *Vinnuaðstaða í skólanum* þyrfti frekari skoðunar við að mati starfsfólks, sérstaklega hvað varðar tölvubúnað og kennslugögn.

## 2.7 Öldutúnsskóli

Öldutúnsskóli er næst elsti skóli Hafnarfjarðar og sinnir hann hinum hluta miðbæjarins á mótí Lækjarskóla, oft kallaður suðurbærinn. Starfsemi skólans hófst árið 1961 og stækkaði skólinn gríðarlega hratt fyrstu árin með auknum nemendafjölda og áratugina en nemendum hefur fækkað talsvert á síðustu árum. Í Öldutúnsskóla er sérúrræði fyrri nemendur í 8.-10. Bekk vfyrrí nemendur með vægan náms- og þroskavanda. Skólaárið 2013-2014 voru nemendur nálægt 520 eða 14,0% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2014-2015 verði nemendur um 510.

Skólastjóri: Valdimar Víðisson.

Aðstoðarskólustjóri: Margrét Sverrisdóttir.



	Samantekt niðurstaðna úr könnunum
<p><b>Nemendakönnun</b></p> <p>N = 265, þ.e. 51% nemenda er úrtak könnunar og svarhlutfall er 90,9-% (241).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 115-130 grunnskólar.</p>	<p>Skólinn er aldrei vel yfir meðaltali, við meðaltal í 18 (100%) spurningum og aldrei vel undir meðaltali í þessum 18 samantektarpáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum þremur þemum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Virkni:</b> Nemendur tjá virkni sína almennt við meðaltal Skólavogarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.</li> <li>• <b>Líðan:</b> Nemendur tjá líðan sína að almennt við meðaltal Skólavogarinnar án þess að nokkur þáttur skeri sig úr.</li> <li>• <b>Skóla- og bekkjarandi:</b> Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda að mestu við meðaltal Skólavogarinnar. Telja samband sitt við kennara (5,1) aðeins lægra en meðaltal Skólavogarinnar er.</li> </ul>
<p><b>Foreldrakönnun</b></p> <p>N = 115, þ.e. foreldrar 22% nemenda er úrtak könnunar og svarhlutfall er 83,5% (96).</p>	<p>Skólinn er í 7 (16%) spurningum vel yfir meðaltali, í 33 (77%) við meðaltal og í 3 (7%) spurningum vel undir meðaltali í þessum 43 samantektarpáttum Skólavogarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum fimm þemum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Nám og kennsla:</b> Foreldrar telja nám og kennslu almennt við meðaltal Skólavogarinnar. Þeir tjá hæfilega þyngd námsefnis (89%) og aga (83,8%) í skólanum sem mælist yfir meðaltali Skólavogarinnar.</li> </ul>



<p>Viðmiðunarhópur er 65 grunnskólar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Velferð nemenda:</b> Foreldrar telja velferð nemenda að mestu við eða fyrir ofan við meðaltal Skólavogaráttarinnar. Ánægja með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda (80,6%) stingur í stúf við aðra þætti og mælist undir meðaltali á meðan ánægja með úrvinnslu (73,3%) og hraða (61,5%) á eineltismálum ásamt ánægju með eineltisáætlun skólans (89,9%) sem mælist yfir meðaltali Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Aðstaða og þjónusta:</b> Foreldrar tjá aðstöðu og þjónustu undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Ánægja með aðstöðu í skólanum (4,1) mælist töluvert undir meðaltali ásamt að notkun (61,3%) og ánægja (67,4%) með mótuneyti mælist einnig undir meðaltali Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Foreldrasamstarf:</b> Mælist almennt við meðaltal Skólavogaráttarinnar. Foreldrar tjá þátttöku í gerð námsáætlana (47,8%) lægri en meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Heimastuðningur:</b> Foreldrar tjá þætti sem tengjast heimastuðningi almennt við eða undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu (4,7) og tími sem foreldrar aðstoða (44,4%) við heimanám mælist sá lægsti í grunnskólum Hafnarfjarðar.</li> </ul>
<p><b>Starfsmannakönnun</b></p> <p>N = 73, þ.e. allir starfsmenn eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 82,2% (60%).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 64 grunnskólar.</p> <p>Svarhlutfall er x%.</p>	<p>Skólinn er í 10 (35%) spurningum vel yfir meðaltali, í 12 (41%) við meðaltal og í 7 (24%) spurningum vel undir meðaltali þetta skólaár í þessum 29 samantektarþáttum Skólavogaráttarinnar sem könnuninni tilheyrir undir þessum sjö þemum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Allir starfsmenn:</b> Starfsmenn tjá að starfsmannaviðtöl (75,9%) séu oftari og að gagnsemi (90,5%) þeirra sé meiri en meðaltal Skólavogaráttarinnar er. Aðrir þættir koma almennt við meðaltal.</li> <li>• <b>Viðhorf til skólans:</b> Starfsmenn tjá misjöfn viðhorf til skólans. Þeir tjá starfsanda (4,1) og starfsaðstöðu (3,9) neðan við meðaltal en upplýsingastreymi innan skólans (5,7) er talsvert yfir meðaltali Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Kennarar:</b> Hlutfall kennara með meistaragráðu (16,9%) er örlítið fyrir ofan meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Kennarastarfið:</b> Kennarar tjá flesta liði undir kennarastarfinu fyrir ofan meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Starfsumhverfi kennara:</b> Kennarar tjá starfsumhverfi sitt almennt lakari en meðaltal Skólavogaráttarinnar. Stuðningur kennara við nemendur með náms (3,8) - og hegðunarörðugleika (4,3) mælist töluvert undir meðaltali ásamt að samráð um kennslu (3,7) sem mælist lægst í grunnskólum Hafnarfjarðar. Vinnuaðstæður mælast einnig lakari en meðaltal Skólavogaráttarinnar. Valddreifing við ákvarðanatöku (5,2) mælist þó hærri en meðaltal Skólavogaráttarinnar.</li> <li>• <b>Mat og endurgjöf:</b> Kennarar tjá mat og endurgjöf almennt við eða fyrir ofan við meðaltal Skólavogaráttarinnar. Þeir tjá að nýting á niðurstöðum kennaramats (4,2) sem mælist undir meðaltali Skólavogaráttarinnar.</li> </ul>

- |  |  |
|--|--|
|  | <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Símenntun:</b> Kennarar tjá að meðalfjöldi daga í símenntun sé meiri en meðaltal Skólavogarinnar en símenntunarþörf er einnig há, 5,2 á móti 4,8 í meðaltali Skólavogarinnar.</li> </ul> |
|--|--|

*Samantekt og tillögur til skoðunar:*

- Starfsfólk tjáir *stuðning við kennara vegna nemenda með námserfiðleika og stuðning við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda* undir meðaltali Skólavogarinnar. Það gefur til kynna að stjórenndur skólans skoði þann þátt frekar með það að markmiði að kennarar fái stuðning í störfum sínum.
- Starfsfólk tjáir að *samráð um kennslu* sé minna í skólanum en meðaltal Skólavogarinnar. Vekur það upp spurningar hvor virkja þurfi teymisvinnu frekar innan skólans til að tryggja að kennarar hafi meira samráð um kennslu í skólanum þó að innan skólans séu sérstaklega áherslur á nauðsyn hennar. Eða að væntingar um teymisvinnu séu miklar sem ekki hafi náðst að uppfylla í daglegri framkvæmd í skólanum.
- *Vinnuaðstaða í skólanum* þyrfti frekari skoðunar við að mati starfsfólks, sérstaklega hvað varðar tölvubúnað og kennslugögn.

### 3 Hvað svo?

Það er ekki einhlítt hvernig leggja skuli mat á niðurstöður viðhorfakannana og það er ekki einfaldara þótt um gögn sé að ræða frá fleiri en einum hagsmunahópi líkt og í tilviki Skólapulúsins (nemendur, foreldrar, starfsfólk skóla). Þó getur fjölgun upplýsingagjafa aukið möguleika á að draga fram skýrar niðurstöður. Samt er alltaf vandi fólgin í því að draga fram raunhæft mat á grundvelli afmarkaðra gagna því þau eru í sjálfu sér ekki „veruleikinn“, hér aðeins svör við afmörkuðum og lokuðum spurningum sem eru skildar á persónulegan hátt og af takmörkuðum fjölda svarenda hverju sinni. Framsetning og úrvinnsla Skólavogarinnar á þó að tryggja að niðurstöðurnar verði sem marktækastar, þ.e. úrtakið endurspegli þýðið í heild sinni á grunni þess að svarhlutfallið sé hátt. Skólavogin er þannig í reynd það áreiðanlegasta mats-tæki sem við höfum í dag til að mæla og meta viðhorf hagsmunaðila sem að skólastarfi hvers skóla kemur.

Framangreind samantekt á niðurstöðum Skólapulúsins fyrir hafnirska grunnskóla og bæjarfélagið í heild sinni markast af framsetningunni. Framsetningin var niðurstaða samræðu milli Arnórs og Vigfúsar og leiðir fram ákveðnar niðurstöður eða tillögur. Í framhaldinu mun koma í ljós hvort þessi framsetning færir einstaka skólum og sveitarfélaginu upplýsingar sem nýtast til að fylgja eftir áherslum í skólastarfinu og stuðla að skólaþróun. Á þeim grunni þarf að skoða umrædda skýrslu, sem umræðuvettvang um skólastarf grunnskólanna á ákveðnum gögnum. Gögnin í Skólapulúsinum eru þó talin geta gefið vísbendingar um viðfangsefni og verkefni sem þörf er á að sinna núna til að efla skólastarfið og vinna að frekari skólaþróun í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Skólavogin, sem samantekt upplýsinga úr Skólapulúsinum, er þróað sem verkfæri fyrir sveitarfélög til að fá raunhæf gögn um starfsemi sinna skóla. Markmiðið er að fá upplýsingar sem geti nýst til að meta starfsemi einstakra skóla og taka ákvarðanir til úrbóta á grunni trúverðugra gagna. Í þeim tilgangi er þessi skýrsla útgefin með tillögum að úrbótaverkefnum sem skólar/sveitarfélagið ættu að leggja áherslu á. Frá sjónarhóli Skólaskrifstofu eru umbótaverkefni því bæði verkefni einstakra skóla og sveitarfélagsins. Þau er þannig bæði hluti af ytra mati (sveitarfélags) og innra mati (grunnskóla). Skólavogsskýrslan 2013-2014 fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar færir bæði sveitarfélaginu og einstaka skólum verkefni eins og að framan er kynnt. Í kjölfar slíkrar skýrslugerðar tekur við umbótatími sem er eitt skólaár hið minnsta en einnig geta einstök umbótaverkefni verið til fleiri skólaára. Það er Skólaskrifstofunnar að fylgja þeim eftir.

Innra mat á skólastarfi er verkefni hvers skóla. Hver skóli hefur nú þegar fengið öll þau gögn sem um hann eru kynnt hér og samanburð við meðaltal Skólavogarinnar. En það er ekki fyrr en nú að hann fær samanburð við hina grunnskólana í bænum. Það færir þessi skýrsla. Hver skóli getur þannig verið farinn að vinna að úrbótatillögum á grunni tillagna sem hér eru lagðar fram. Ef svo er væri hægt að telja að slíkt benti til sameiginlegs skilnings á niðurstöðum og á hvað þær kalla. Umbótaverkefni í skólum eru því afleiðing slíkrar skýrslugerðar.

Í framhaldi niðurstaðna Skólapúlsins, og þessarar skýrslu til viðbótar, á sér því stað gerð mats- og umbótaáætlana í skólum þar sem skilgreind eru þau umbótaverkefni sem Skólavogsniðurstöður og aðrir upplýsingagjafar eru taldar veita skólunum.

**Ánægja foreldra með tómsundabjónustu/frístundaheimili**

**Lýsing:** Mælikvarðinn byggir á sjö staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um tómsundabjónustu/frístundaheimili á vegum skólans. Aðeins foreldrar sem nýta þjónustuna eru spurðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með tómsundabjónustuna/frístundaheimilið varðandi eftirfarandi þætti:

- Liður 1: Líðan barnsins
- Liður 2: Eftirlit með starfinu
- Liður 3: Samskipti mín við starfsfólkið
- Liður 4: Samskipti barnsins við starfsfólkið

- Liður 5: Dagleg viðfangsefni barnanna
- Liður 6: Húsnæðið/aðstöðuna
- Liður 7: Verð þjónustunnar

### Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili

**Lýsing:** Foreldrar barna á grunnstigi eru spurðir hvort barnið sæki tómstundaþjónustu á vegum skólans (lengd viðvera) eða frístundaheimili (skólavistun) á vegum skólans að loknum skóladegi. Reiknað er hlutfall nemenda með slíka þjónustu.

Ef þú hugsar um þetta skólaár, hefur barnið þitt sótt tómstundaþjónustu á vegum skólans (lengd viðvera) eða frístundaheimili (skólavistun) á vegum skólans að loknum skóladegi?

### Ánægja foreldra með sérkennsluna/stuðninginn

**Lýsing:** Foreldrar barna sem fá sérkennslu á skólaárinu voru spurðir hve ánægðir þeir væru með sérkennsluna í skólanum. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru mjög eða frekar ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með sérkennsluna/stuðninginn?

### Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort barn þeirra hafi fengið sérkennslu á skólaárinu. Reiknað er hlutfall af foreldrum sem svara því játandi.

Hefur barnið fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu?

### Tíðni sérkennslu/stuðnings

**Lýsing:** Foreldrar barna sem fá sérkennslu á skólaárinu voru spurðir hve oft sérkennslan væri veitt. Reiknað er hlutfall barna sem fá sérkennslu um það bil einu sinni í viku eða oftar.

Hve mikla sérkennslu eða stuðning fékk barnið á þessu skólaári?

### Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun

**Lýsing:** Foreldrar barna sem fá sérkennslu á skólaárinu voru spurðir hvort gerð væri einstaklingsáætlun fyrir barnið. Reiknað er hlutfall foreldra sem svara því jákvætt.

Er gerð einstaklingsnámskrá fyrir barnið vegna sérþarfa þess?

**Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun**

**Lýsing:** Foreldrar barna með sérkennslu á skólaárinu sem hafa einstaklingsáætlun voru spurðir hvort einstaklingsáætlun fyrir barnið væri gerð í samstarfi við þá. Reiknað er hlutfall foreldra sem svara því jákvætt.

Er einstaklingsnámskráin gerð í samstarfi við foreldra?

**Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu**

**Lýsing:** Foreldrar sem hafa fengið sálfræðiþjónustu fyrir barnið á skólaárinu eru spurðir hvort þeir hafi verið ánægðir með hana. Reiknað er hlutfall foreldra sem voru frekar eða mjög ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með sálfræðiþjónustuna?

**Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir hafi óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu. Reiknað er hlutfall foreldra sem það hafa gert, hvort sem þeir hafa fengið þjónustuna eða ekki.

Hefur þú óskað eftir sálfræðiþjónustu fyrir barnið á þessu skólaári?

**Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti**

**Lýsing:** Foreldrar barna sem nýta mötuneyti skólans eru spurðir hversu ánægðir þeir eru með máltíðirnar. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru mjög eða frekar ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með máltíðirnar sem barnið þitt fær?

**Notkun á mötuneyti**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort börn þeirra borði heitan mat í hádeginu í skólanum. Reiknað er hlutfall barna sem það gera.

Er barnið þitt í fæði hjá mötuneyti skólans í hádeginu?

**Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti**

**Lýsing:** Foreldrar barna sem ekki nýta mötuneyti eru spurðir um helstu ástæðu þess. Reiknað er hlutfall fyrir fimm ástæður, þ.e. ekki sé mötuneyti í skólanum, börn með ofnæmi eða mataróþol, matvendi barna, verðið og óánægju með matseðil/máltíðir. Tilgreint er hlutfall fyrir hverja ástæðu. Valmöguleikinn *verð* er valinn sérstaklega til frekari skoðunar.

**Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi**

**Lýsing:** Mælikvarðinn byggir á fimm staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um frumkvæði kennara skólans að samstarfi við þá. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Mælikvarðanum er umbreytt með Logarithmafalli til að draga fram samhverfa dreifingu á svörum.

Hve oft hefur eftirfarandi gerst á þessu skólaári? Kennari barnsins míns ...

- Liður 1: ... hafði samband við mig (t.d. með orðsendingu, símtali, tölvupósti)
- Liður 2: ... bað mig að aðstoða það við heimanámið
- Liður 3: ... bað mig að fylgjast með heimanámi þess
- Liður 4: ... bað mig að ræða við það um skóladaginn
- Liður 6: ... bað mig að mæta á viðburð í skólanum
- Liður 7: ... bað mig að hjálpa til í skólanum

**Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja sig hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum varðandi barnið. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja sig hafa frekar eða mjög mikil áhrif.

Telurðu að þú hafir almennt mikil eða lítil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þitt?

**Ánægja með síðasta foreldraviðtal**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hve ánægðir þeir séu með síðasta foreldraviðtal. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru frekar eða mjög ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með síðasta foreldraviðtal/samtal sem þú fórst í?

**Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir hafi tekið þátt í gerð námsáætlunar fyrir barnið. Reiknað er hlutfall foreldra sem það hafa gert, einu sinni eða oftar.

Hefur þú tekið þátt í gerð námsáætlunar með barninu þínu (t.d. markmið um heimanám eða námsárangur)?

**Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hve mikilvægt þeim þyki að gera námsáætlun með barninu. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja það frekar eða mjög mikilvægt.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með síðasta foreldraviðtal/samtal sem þú fórst í?

**Ánægja foreldra með heimasíðu skólans**

**Lýsing:** Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja upplýsingar á heimasíðu skólans gagnlegar. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja þær frekar eða mjög gagnlegar

Telur þú upplýsingar á heimasíðu skólans gagnlegar?

**Viðauki 4: starfsmannakönnun – útskýringar á spurningum****Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna**

**Lýsing:** Birt er hlutfall starfsfólks sem hefur lokið háskólanámi, þ.e. grunnnámi, framhaldsnámi eða öðru námi á háskólastigi.

Hver er hæsta formlega prófgráða sem þú hefur lokið?

**Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra**

**Lýsing:** Birt er hlutfall starfsfólks sem er 40 ára og eldra.

Hver er aldur þinn?

**Meðalstarfshlutfall**

**Lýsing:** Birt er meðalstarfshlutfall hvers starfsmanns í skólanum.

**Yfirvinnutímar undanfarinn mánuð**

**Lýsing:** Birtur er fjöldi yfirvinnutíma að meðaltali fyrir hvern starfsmann undanfarnar fjórar vikur.

**Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð**

**Lýsing:** Birtur er fjöldi daga sem starfsfólk var fjarverandi að meðaltali undanfarnar fjórar vikur. Lagður er saman fjöldi daga sem starfsfólk er fjarverandi vegna eigin veikinda, veikinda í fjölskyldunni, vegna starfsþróunar og vegna annars. Svo er reiknað meðaltal á hvern starfsmann.

**Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð**

**Lýsing:** Birtur er fjöldi daga sem starfsfólk var fjarverandi hluta úr degi að meðaltali undanfarnar fjórar vikur. Lagður er saman fjöldi skipta sem starfsfólk er fjarverandi vegna eigin veikinda, veikinda í fjölskyldunni, vegna starfsþróunar og vegna annars. Svo er reiknað meðaltal á hvern starfsmann.

**Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð**

**Lýsing:** Birtur er meðalfjöldi skipta sem starfsfólk kom of seint til vinnu undanfarnar fjórar vikur.

**Starfsmannaviðtöl undanfarið ár**

**Lýsing:** Starfsfólk er spurt hvort það hafi farið í starfsmannaviðtal (starfsþróunarsamtal) á síðustu tólf mánuðum. Birt er hlutfall þeirra sem það hafa gert.

Hefur þú farið í starfsþróunarsamtal (starfsmannaviðtal) á síðustu 12 mánuðum?

**Gagnsemi starfsmannaviðtals**

**Lýsing:** Birt er hlutfall starfsfólks sem telur starfsmannaviðtalið hafa verið mjög eða frekar gagnlegt.

Hversu gagnlegt var starfsþróunarsamtalið (starfsmannaviðtalið)?

**Tíðni áreitni meðal starfsfólks**

**Lýsing:** Birt er hlutfall starfsmanna sem varð fyrir áreitni á síðustu tólf mánuðum annað hvort af hálfu samstarfsfólks eða af hálfu nemenda/foreldra. Þeir sem hafa orðið fyrir áreitni af hálfu beggja eru aðeins taldir einu sinni.

Hefur þú orðið fyrir áreitni frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum?

Hefur þú orðið fyrir áreitni frá nemendum eða foreldrum á síðustu 12 mánuðum?

**Tíðni eineltis meðal starfsfólks**

**Lýsing:** Birt er hlutfall starfsmanna sem varð fyrir einelti á síðustu tólf mánuðum annað hvort af hálfu samstarfsfólks eða af hálfu nemenda/foreldra. Þeir sem hafa orðið fyrir einelti af hálfu beggja eru aðeins taldir einu sinni.

Hefur þú orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum?

Hefur þú orðið fyrir einelti frá nemendum eða foreldrum á síðustu 12 mánuðum?



### Starfsánægja í skólanum

**Lýsing:** Starfsánægja í skólanum er metin með því að spyrja starfsfólk níu spurninga um tilgang starfs, líðan, frumkvæði, starfsöryggi og framtíð í starfi. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri starfsánægja. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um skólann og starf þitt?

- Liður 1: Flestir kennararnir virðast hæfir og metnaðarfullir
- Liður 2: Ég veit til hvers er ætlast af mér í vinnunni
- Liður 3: Hæfni mín er vel nýtt í starfi
- Liður 4: Ég er stolt/ur af starfi mínu
- Liður 5: Ég hef frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi mínu
- Liður 6: Mér líður vel í vinnunni
- Liður 7: Ég sé mig áfram starfa við skólann eftir 2 ár
- Liður 8: Ég hugsa oft um að hætta í núverandi starfi
- Liður 9: Ég tel mig búa við starfsöryggi

### Starfsandi innan skólans

**Lýsing:** Starfsandi innan skólans er metinn með því að spyrja starfsfólk sjö spurninga um starfsanda, samvinnu, jafnræði, ímynd og móttöku nýliða. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Hærra gildi er túlkað sem betri starfsandi. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um skólann og starf þitt?

- Liður 1: Á mínum vinnustað er vel tekið á móti nýju starfsfólki
- Liður 2: Jafnrétti kynja er virt í skólanum
- Liður 3: Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum í skólanum
- Liður 4: Skólinn hefur góða ímynd
- Liður 5: Starfsfólk í skólanum miðlar þekkingu sín á milli
- Liður 6: Samvinna er góð í skólanum
- Liður 7: Það er góður starfsandi í skólanum

### Stjórnun skólans

**Lýsing:** Gæði stjórnunar skólans eru metin með því að spyrja starfsfólk tíu spurninga um yfirmenn, hrós, hvatningu, traust, samskipti, ágreiningsmál og stjórnun almennt. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Hærra gildi er túlkað sem betri stjórnun. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

#### Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um skólann og starf þitt?

- Liður 1: Í skólanum er starfsfólk hvatt til að sýna frumkvæði
- Liður 2: Starf mitt er metið að verðleikum af yfirmanni mínum og samstarfsfólki
- Liður 3: Á síðasta mánuði hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf
- Liður 4: Ég ber traust til yfirmanns míns
- Liður 5: Ég er ánægð/ur með samskiptin við yfirmann minn
- Liður 6: Yfirmaður minn leysir ágreiningsmál sem upp koma á vinnustaðnum
- Liður 7: Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum
- Liður 8: Mér finnst tekið tillit til skoðana minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar
- Liður 9: Mínum vinnustað er vel stjórnað
- Liður 10: Á síðustu 6 mánuðum hefur yfirmaður minn rætt við mig um frammistöðu mína í starfi

### Upplýsingastreymi innan skólans

**Lýsing:** Upplýsingastreymi innan skólans er metið með því að spyrja starfsfólk fjögurra spurninga um flæði upplýsinga, stefnumótun og þjálfun nýliða. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Hærra gildi er túlkað sem betra upplýsingaflæði. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

#### Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um skólann og starf þitt?

- Liður 1: Ég þekki markmið og stefnu skólans
- Liður 2: Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf mitt
- Liður 3: Upplýsingastreymi í skólanum er gott
- Liður 4: Nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma

### Starfsaðstaða í skólanum

**Lýsing:** Starfsaðstaða í skólanum er metið með því að spyrja starfsfólk sex spurninga um aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Hærra gildi er túlkað sem betri starfsaðstæður. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um skólann og starf þitt?

- Liður 1: Vinnuaðstaða mín er góð
- Liður 2: Ég hef aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf
- Liður 3: Ég hef sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf
- Liður 4: Hjá mér er gott jafnvægi milli starfs og einkalífs
- Liður 5: Álag í starfi mínu er of mikið þegar á heildina er litið
- Liður 6: Vinnuálag mitt hefur aukist á síðustu 12 mánuðum

### Meðalfjöldi vikulegra kennslustunda á kennara

**Lýsing:** Birtur er meðalfjöldi vikulegra kennslustunda á hverja fulla stöðu starfsmanna skólans sem hafa kennslu að aðalstarfi. Lagðir eru saman allir kennslutímar starfsfólks við kennslu og deilt með fjölda stöðugilda þeirra.

### Meðalfjöldi vikulegra stunda við sérkennslu og stuðning á hvern kennara

**Lýsing:** Birtur er meðalfjöldi vikulegra sérkennslu- og stuðningskennslustunda á hvern starfsmann skólans sem hafa kennslu að aðalstarfi. Lagðar eru saman allar sérkennslu- og stuðningskennslustundir og deilt með fjölda svarenda.

### Meðalstarfsaldur kennara við skólann

**Lýsing:** Birtur er meðalfjöldi ára sem kennarar hafa starfað við skólann. Fjölda ára samanlagt við skólann er deilt með fjölda svarenda.

### Meðalstarfsaldur kennara

**Lýsing:** Birtur er meðalfjöldi ára sem kennarar skólans hafa starfað við kennslu í heild. Fjölda ára samanlagt er deilt með fjölda svarenda.

**Hlutfall kennara með meistaragráðu**

**Lýsing:** Birt er hlutfall starfsfólks við kennslu sem hafa meistaragráðu. Fjöldi með meistaragráðu er deilt með fjölda svarenda.

**Ánægja með kennarastarfið**

**Lýsing:** Ánægja með kennarastarfið er metin með því að spyrja kennara fimm spurninga um viðhorf þeirra til starfsins. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikid 2. Hærra gildi er túlkað sem aukin ánægja með kennarastarfið. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

- Liður 1: Ég er sátt(ur) við starf mitt sem kennari
- Liður 2: Ég er ánægð(ur) með að vera kennari í þessum skóla
- Liður 3: Kennarahópurinn í skólanum er ánægður í starfi
- Liður 4: Ég hafði meiri eldmód þegar ég byrjaði að kenna en ég hef núna
- Liður 5: Á heildina litið er ég ánægð(ur) með starf mitt

**Trú kennara skólans á eigin getu**

**Lýsing:** Trú kennara á eigin getu er metin með því að spyrja kennara sex spurninga þar sem þeir eru beðnir að meta færni, árangur og samskipti þeirra sjálfra og annarra kennara við skólann. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikid 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri trú kennara skólans á eigin getu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

- Liður 1: Ég á auðvelt með að ná til nemenda
- Liður 2: Ég næ góðum árangri með nemendum í bekknum (námshópnum) mínum
- Liður 3: Ég get náð árangri með erfiðustu og áhugalausustu nemendurnai
- Liður 4: Kennurum og nemendum semur yfirleitt vel í þessum skóla
- Liður 5: Flestum kennurum í þessum skóla finnst mikilvægt að nemendum líði vel
- Liður 6: Flestir kennarar í þessum skóla hafa áhuga á því sem nemendum hafa að segja

**Upplýsingamiðlun til foreldra**

**Lýsing:** Upplýsingamiðlun til foreldra er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, hegðun og líðan nemenda. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikkið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri upplýsingamiðlun. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve oft eða sjaldan gerir þú eftirfarandi vegna nemenda þinna?

- Liður 1: Ræði við foreldrana um námsárangur nemandans
- Liður 2: Sendi upplýsingar um námsárangur nemandans til foreldra
- Liður 3: Ræði við foreldrana um hegðun og/eða líðan nemandans
- Liður 4: Sendi upplýsingar um hegðun og/eða líðan nemandans til foreldra

**Tími í heimavinnu á viku**

**Lýsing:** Birtur er meðaltími sem kennarar ætlast til að nemendur verji í heimavinnu á viku. Heildartíma er deilt með fjölda svarenda.

**Tími við kennslu**

**Lýsing:** Birt er hlutfall vinnutíma kennara sem varið er í kennslu (ýmist öllum bekknum, litlum hópum eða einstökum nemendum) miðað við heildarvinnutíma.

**Undirbúningur kennslu í skólanum**

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem undirbúa kennslu aðallega eða eingöngu í skólanum.

Hvert er meginstarf þitt við skólann?

**Öllum bekknum kennt í einu**

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem kenna öllum bekknum í einu alltaf eða næstum alltaf.

Þegar þú ert með kennslu og/eða fæst við viðfangsefni í skólastofunni, hve oft eða sjaldan skipuleggur þú vinnu nemenda á eftirfarandi hátt?

- Liður 1: Ég kenni öllum bekknum (námshópnum) í einu

**Hópavinna í bekk**

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem raða í hópa í kennslustundum alltaf eða næstum alltaf, ýmist eftir getu eða með blandaða getu í hverjum hópi. Kennarar sem gera hvoru tveggja eru aðeins taldir einu sinni.

Þegar þú ert með kennslu og/eða fæst við viðfangsefni í skólastofunni, hve oft eða sjaldan skipuleggur þú vinnu nemenda á eftirfarandi hátt?

- Liður 1: Ég raða í hópa eftir námsstöðu (getu) í kennslustundum
- Liður 2: Ég raða í hópa með blandaða námsstöðu (getu) í kennslustundum

**Einstaklingsvinna í bekk**

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem láta nemendur vinna sjálfstætt alltaf eða næstum alltaf, ýmist með markmið sem sett eru fyrir eða með eigin markmið. Kennarar sem gera hvoru tveggja eru aðeins taldir einu sinni.

Þegar þú ert með kennslu og/eða fæst við viðfangsefni í skólastofunni, hve oft eða sjaldan skipuleggur þú vinnu nemenda á eftirfarandi hátt?

- Liður 1: Nemendur vinna sjálfstætt eftir áætlun eða markmiði sem þeim var sett fyrir
- Liður 2: Nemendur vinna einir og sjálfstætt að markmiði sem þeir settu sér sjálfir

**Einstaklingsmiðuð kennsla**

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem nota einstaklingsmiðaða kennslu alltaf eða næstum alltaf.

Þegar þú ert með kennslu og/eða fæst við viðfangsefni í skólastofunni, hve oft eða sjaldan skipuleggur þú vinnu nemenda á eftirfarandi hátt?

- Liður 1: Ég nota einstaklingsmiðaða kennslu

**Áhersla kennara á námsmat með prófum**

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem leggja mikla áherslu á að fylgjast með framförum nemenda með hefðbundnum prófum, samræmdum prófum eða stöðluðu mati. Kennarar sem leggja mikla áherslu á fleiri en eina tegund af prófi eru aðeins taldir einu sinni.

Hve mikla eða litla áherslu leggur þú á eftirfarandi leiðir til að fylgjast með framförum nemenda?

- Liður 1: Hefðbundin próf (til dæmis próf samin af kennara eða próf úr kennslubókum)
- Liður 2: Samræmd próf

- Liður 3: Staðlað mat (s.s. greiningarpróf eða skimun)

### Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem leggja mikla áherslu á að fylgjast með framförum nemenda með faglegu mati, jafningjamati, leiðsagnarmati, sjálfsmati nemenda, mati frá foreldrum og öðrum aðferðum sem ekki eru próf. Kennarar sem leggja mikla áherslu á fleiri en eina tegund eru aðeins taldir einu sinni.

Hve mikla eða litla áherslu leggur þú á eftirfarandi leiðir til að fylgjast með framförum nemenda?

- Liður 1: Faglegt mat þitt á vinnu nemenda
- Liður 2: Jafningjamat nemenda
- Liður 3: Leiðsagnarmat
- Liður 4: Sjálfsmat nemenda
- Liður 5: Mat frá foreldrum

### Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika

**Lýsing:** Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika er metinn með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðgang kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgang að ráðgjöf sérfræðinga. Mælikvarði er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikinu 2. Hærra gildi er túlkað sem aukinn stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve mikla eða litla áherslu leggur þú á eftirfarandi leiðir til að fylgjast með framförum nemenda?

- Liður 1: Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum í kennslustofunni
- Liður 2: Ég hef aðgang að öðrum kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum utan kennslustofunnar
- Liður 3: Ég hef aðgang að ráðgjöf sérfræðinga (t.d. sérkennara eða talkennara) sem geta leiðbeint mér í vinnu minni með þeim nemendum

**Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.**

**Lýsing:** Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda er metinn með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðgang kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgang að ráðgjöf sérfræðinga. Mælikvarði er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikði 2. Hærra gildi er túlkað sem aukinn stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve mikla eða litla áherslu leggur þú á eftirfarandi leiðir til að fylgjast með framförum nemenda?

- Liður 1: Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum í kennslustofunni
- Liður 2: Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum utan kennslustofunnar
- Liður 3: Ég hef aðgang að ráðgjöf sérfræðinga sem geta leiðbeint mér í vinnu minni með þeim nemendum

**Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara**

**Lýsing:** Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara er metinn með því að spyrja kennara sex spurninga um ráðgjöf, virkni, hvatningu og frumkvæði skólastjóra í samskiptum við kennara um starfið. Mælikvarði er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikði 2. Hærra gildi er túlkað sem aukin faglegur stuðningur skólastjóra við kennara. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu oft eða sjaldan telurðu að eftirfarandi hafi verið gert á yfirstandandi skólaári?

- Liður 1: Skólastjórnendur ræða markmið námsins við kennara á fundum
- Liður 2: Skólastjórnendur fylgjast með kennslu í kennslustofunni
- Liður 3: Skólastjórnendur gefa kennurum ráð um hvernig þeir geta bætt kennslu sína
- Liður 4: Þegar kennari á í vanda í kennslustofunni hafa skólastjórnendur frumkvæði að því að ræða málin
- Liður 5: Skólastjórnendur sjá til þess að kennarar séu upplýstir um möguleika til að efla og bæta við þekkingu sína og færni
- Liður 6: Skólastjórnendur hrósa kennurum fyrir sérstaka viðleitni eða árangur



### Samráð um kennslu

**Lýsing:** Samráð um kennslu er metið með því að spyrja kennara fimm spurninga um samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikðið 2. Hærra gildi er túlkað sem meira samráð milli kennara um kennsluna. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

#### Hve oft eða sjaldan gerirðu eftirfarandi í þessum skóla?

- Liður 1: Fjalla um og tek ákvarðanir um val á kennslugögnum (t.d. námsbókum eða verkefnabókum)
- Liður 2: Skiptist á kennsluefni við samstarfsmenn
- Liður 3: Sæki teymisfundi fyrir þann aldurshóp sem ég kenni
- Liður 4: Ræði við samstarfsmenn um aðferðir við mat á framförum nemenda
- Liður 5: Tek þátt í umræðum um námsframvindu tiltekinna nemenda

### Samvinna um kennslu

**Lýsing:** Samvinna um kennslu er metin með því að spyrja kennara þriggja spurninga um tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikðið 2. Hærra gildi er túlkað sem aukin samvinna milli kennara um kennslu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

#### Hve oft eða sjaldan gerirðu eftirfarandi í þessum skóla?

- Liður 1: Fylgist með kennslu annarra kennara og veiti endurgjöf
- Liður 2: Tek þátt í sameiginlegum viðfangsefnum milli ólíkra bekkja og aldurshópa (t.d. þemaverkefnum)
- Liður 3: Skipulegg nám sem tengir saman ólíkar námsgreinar

### Valddreifing við ákvarðanatöku

**Lýsing:** Valddreifing við ákvarðanatöku innan skólans er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um þátttöku starfsfólks í umræðum og ákvörðunum og lýðræðislega dreifingu valds. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikðið 2. Hærra gildi er túlkað sem aukin valddreifing við ákvarðanatöku. Sem viðmiðunarregla er

munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

#### Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum?

- Liður 1: Starfsfólk tekur virkan þátt í umræðum og tekur ákvarðanir um flest mál er varða skólann
- Liður 2: Skólastjóri nýtir ráðleggingar annarra við ákvarðanatöku
- Liður 3: Skólastjórnendur dreifa valdi og stjórn með starfsfólki á lýðræðislegan hátt
- Liður 4: Ákvarðanataka á sér stað í gegnum nefndir og samræður milli stiga og viðfangsefna

#### **Virk samvinna um skólaþróun og umbætur**

**Lýsing:** Virk samvinna um skólaþróun og umbætur er metin með því að spyrja kennara sex spurninga um samskipti starfsfólks um aukna þekkingu, mikilvægi skólaþróunar, frumkvæði að endurmenntun, lausnir á mismunandi þörfum nemenda, úrbætur á náminu og tækifæri til að miðla reynslu. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Hærra gildi er túlkað sem virkari samvinna um skólaþróun og umbætur. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

#### Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum?

- Liður 1: Starfsfólk vinnur saman að því að auka þekkingu, færni og úrræði og bæta nýrri þekkingu við starf sitt
- Liður 2: Starfsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi skólaþróunar
- Liður 3: Starfsmenn leggja sitt af mörkum til skólaþróunar (þeir eru virkir í samstarfi, sýna frumkvæði til endurmenntunar og sýna forystu)
- Liður 4: Starfsfólk skipuleggur og vinnur saman að því að leita lausna í því að mæta mismunandi þörfum nemenda
- Liður 5: Kennarar deila óformlega með sér hugmyndum og tillögum til að bæta nám nemenda
- Liður 6: Einstakir starfsmenn og teymi fá tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu innan skólans

#### **Vinnuaðstæður kennara**

**Lýsing:** Vinnuaðstæður eru metnar með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðstöðuna og aðgengi að búnaði og kennsluefni. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Hærra gildi er túlkað sem betri vinnuaðstæður. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

#### Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum?

- Liður 1: Viðeigandi búnaður og kennsluefni er aðgengilegt fyrir starfsfólk
- Liður 2: Aðstaðan í skólanum er hrein og aðlaðandi
- Liður 3: Vinnuaðstaðan í skólanum auðveldar starfsfólki samvinnu

### Umfang mats og endurgjafar

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem fá mat og endurgjöf árlega eða oft, frá skólastjórnendum, frá öðrum kennurum eða frá utanaðkomandi aðilum. Kennarar sem fá mat og endurgjöf árlega eða oft frá fleiri en einum af þessum aðilum eru aðeins taldir einu sinni. Með mati er átt við það þegar störf kennara eru skoðuð af skólastjórnendum, utanaðkomandi aðila eða samstarfskennurum. Með endurgjöf er átt við það þegar kennari fær upplýsingar um niðurstöður slíkrar skoðunar á störfum hans/hennar (hversu formleg eða óformleg sem sú skoðun hefur verið), oft í þeim tilgangi að vekja athygli á góðri frammistöðu eða benda á þætti sem hægt væri að bæta.

Hve oft hefurðu fengið mat og/eða endurgjöf varðandi starf þitt sem kennari í þessum skóla frá eftirfarandi aðilum?

- Liður 1: Skólastjórnendum
- Liður 2: Öðrum kennurum
- Liður 3: Utanaðkomandi aðilum

### Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara

**Lýsing:** Kennarar eru spurðir hvort mat og endurgjöf stjórnenda í daglegu starfi sé hæfilegt, of mikið eða of lítið. Birt er hlutfall kennara sem telja mat og endurgjöf stjórnenda hæfilega.

### Sanngirni mats og endurgjafar

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem eru sammála (eða mjög sammála) því að mat/endurgjöf við skólann hafi verið sanngjarnt. Með mati er átt við það þegar störf kennara eru skoðuð af skólastjórnendum, utanaðkomandi aðila eða samstarfskennurum. Með endurgjöf er átt við það þegar kennari fær upplýsingar um niðurstöður slíkrar skoðunar á störfum hans/hennar (hversu formleg eða óformleg sem sú skoðun hefur verið), oft í þeim tilgangi að vekja athygli á góðri frammistöðu eða benda á þætti sem hægt væri að bæta.

Með hliðsjón af matinu og/eða endurgjöfinni sem þú hefur fengið í þessum skóla, hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

- Liður 1: Matið og/eða endurgjöfin um starf mitt í þessum skóla hefur verið sanngjarnt

### Gagnsemi mats og endurgjafar

**Lýsing:** Birt er hlutfall kennara sem eru sammála (eða mjög sammála) því að mat/endurgjöf við skólann hafi gagnast til að bæta starfið. Með mati er átt við það þegar störf kennara eru skoðuð af skólastjórnendum, utanaðkomandi aðila eða samstarfskennurum. Með endurgjöf er átt við það þegar kennari fær upplýsingar um niðurstöður slíkrar skoðunar á störfum hans/hennar (hversu formleg eða óformleg sem sú skoðun hefur verið), oft í þeim tilgangi að vekja athygli á góðri frammistöðu eða benda á þætti sem hægt væri að bæta.

Með hliðsjón af matinu og/eða endurgjöfinni sem þú hefur fengið í þessum skóla, hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

- Liður 1: Matið og/eða endurgjöfin hafa gagnast til að bæta starf mitt í þessum skóla

### Nýting á niðurstöðum kennaramats

**Lýsing:** Kennarar sem fá mat/endurgjöf árlega eða oft frá skólastjóra eða öðrum kennurum voru spurðir fimm spurninga um hvernig bugðist er við niðurstöðum mats og slakri frammistöðu. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikkið 2. Hærra gildi er túlkað sem virkara eftirlit með frammistöðu kennara. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

- Liður 1: Í þessum skóla er mat skólastjórnenda á því hvort kennarar standa sig vel eða illa árangursríkt
- Liður 2: Í þessum skóla er mat á starfi kennara aðallega til að uppfylla ytri kröfur og skyldur
- Liður 3: Í þessum skóla hefur mat á starfi kennara lítil áhrif á það hvernig þeir kenna
- Liður 4: Í þessum skóla yrði viðvarandi slök frammistaða kennara ekki látin viðgangast af öðrum í starfsmannahópnum
- Liður 5: Í þessum skóla bregðast stjórnendur við viðvarandi slakri frammistöðu í starfi

### Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár

**Lýsing:** Kennarar eru spurðir hve marga daga þeir sóttu símenntun síðastliðna tólf mánuði. Birtur er meðalfjöldi daga á hvern kennara.

### Símenntunarpörf kennara

**Lýsing:** Símenntunarpörf kennara er metin með því að spyrja kennara um þörf þeirra fyrir aukna þekkingu og færni á ellefu sviðum: Aðalnámskrá, námsmat, skipulagningu kennslustunda, aðalnámsgrein þeirra, nýjungar í kennslufræði, upplýsinga- og samskiptatækni, nemendur með sérþarfir, hegðunar- og agamál, fjölmennningarumhverfi, ráðgjöf til nemenda og foreldrasamstarf. Niðurstöðum um hvert svið er lýst nánar í tenglinum Spurningar sem mynda matsþátt. Mælikvarði á símenntunarpörf er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikinu 2. Hærra gildi er túlkað sem aukin símenntunarpörf kennara. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Ef þú hugsar um símenntun þína, hve mikla þörf hefur þú fyrir þekkingu/færni á eftirfarandi sviðum?

- Liður 1: Inntaki og markmiðum aðalnámskrár
- Liður 2: Námsmati
- Liður 3: Skipulagning kennslustunda
- Liður 4: Kunnátta og skilningur á aðalkennslugrein(um) minni/mínum
- Liður 5: Að fylgjast með nýjungum og þróun í kennslufræði
- Liður 6: Færni í upplýsinga- og samskiptatækni sem nýtist til kennslu
- Liður 7: Kennsla nemenda með sérþarfir eða sérstakan stuðning
- Liður 8: Hegðunar- og agamál
- Liður 9: Kennsla í fjölmennningarumhverfi
- Liður 10: Ráðgjöf til nemenda
- Liður 11: Samstarf við foreldra

### Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán.

**Lýsing:** Kennarar eru spurðir hvort þeir hefðu viljað taka þátt í meiri símenntun á síðustu átján mánuðum en þeir gerðu. Birt er hlutfall þeirra sem það hefðu viljað.

Á síðustu 18 mánuðum, hefðir þú viljað taka þátt í meiri símenntun en þú gerðir?